Stafrænar myndavélar
MP3 spilarar
Hljómtæki
WWW straumur Silfurgötu 5 • Sími 456 3321

Hafnarbúðin
Sími 456 3245
FULL BÚÐ AF NÝJUM ÚTIVISTARVÖRUM!

Afgreiðsla Landsbankans í Neista er opin fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16-19
Landsbankinn
Sími 410 8119

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
# BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
Miðvikudagur 26. maí 2004 · 21. tbl. · 21. árg.

# Haminjan er viðhorf

– sjá viðtal í miðopnu við opinskáa og lífsglaða nýaldarsinnann Önnu Sigríði Ólafsdóttur

SAMKAUP
Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21
SAMKAUP ...gæði og ferskleiki!
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

### Farþegaflugvél í aðflugi til Bíldudals

## Flaug 300 fet niður fyrir lágmarksflughæð

Rangur lestur af loftþrýstingsmæli í flugturni varð til þess að Dornier-vél Íslandsflugs flaug um 300 fet niður fyrir lágmarksflughæð í aðflugi til lendingar á flugvellinum í Bíldudal í lok ágúst í fyrra. Tveir menn voru í áhöfn vélarinnar og sex farþegar. Eftir lendingu sýndu þrýstingshæðarmælar flugvélarinnar 325 fet þar sem hún var á flugbrautinni en flugvöllurinn er í 25 feta hæð yfir sjávarmáli.

Flugmenn vélarinnar fóru þá upp í flugturninn til að skoða loftvogina þar og kom þá á daginn að loftþrýstingurinn var 1018 hPa en ekki 1028 hPa eins og áhöfn vélarinnar hafði verið gefið upp. Flugvallarvörðurinn taldi að aflestrarvilla hefði valdið því að rangur loftþrýstingur var gefinn upp.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa um atvikið en í henni segir einnig að þrjú slík atvik hafi orðið hér á landi á síðustu 5 árin.

## Torfhildur Torfadóttir 100 ára

Torfhildur Torfadóttir, íbúi á Hlíf íbúðum aldraðra á Ísafirði varð 100 ára á mánudag. Torfhildur fæddist í Asparvík á Ströndum og var yngst átta barna Önnu Bjarnveigar Bjarnadóttur og Torfa Björnssonar. Að auki átti Torfhildur þrjú hálfsystkini. Nokkur systkina Torfhildar náðu háum aldri en bróðir hennar Ásgeir varð 100 ára, Eymundur 96 ára og Guðbjörg 91 árs.

Torfhildur ólst upp í Selárdal í Steingrímsfirði en að loknini fermingu fór hún í vinnumennsku í Króksfirði og Reykhólasveit. Til Ísafjarðar hélt hún til starfa á klæðskeraverkstæði Einars og Kristjáns. Hún starfaði þar við saumaskap uns hún giftist og stofnaði heimili með Einari Jóelssyni sjómanni og bjuggu þau allan sinn búskap á Ísafirði þar til Einar lést árið 1981. Þau eignuðust fimm börn og eru þrjú þeirra á lífi í dag en að auki ólu þau upp dótturdóttur sína.

Torfhildur vann töluvert utan heimilis og þá mest við rækjuvinnslu. Hún hefur að sögn alla tíð verið heilsuhraust og fer ennþá allra sinna ferða gangandi um Ísafjörð. Torfhildur varði afmælisdeginum í faðmi fjölskyldunnar en á laugardag kl. 16 bíður hún ættingjum og vinum til veislu í samkomusalnum á Hlíf.

*– hj@bb.is*

SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM
Flytjandi
EIMSKIP GREIÐ LEIÐ

## Mælt með Kristínu Ósk

Fræðsluráð Bolungarvíkur mælir með Kristínu Ósk Jónasdóttur, námsráðgjafa hjá Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, í starf skólastjóra Grunnskóla Bolungarvíkur. Átta sóttu um stöðuna. Skólastarf í Bolungarvík er öflugt og hefur grunnskólinn skipað sér fremst skóla á Vestfjörðum á samræmdum prófum mörg undanfarin ár.

## Góður gangur hjá Jaxlinum

Jaxlinn flutningaskip Sæskipa ehf., hefur nú um nokkurra vikna skeið stundað vöruflutninga á milli höfuðborgarsvæðisins og Vestfjarða. Sigmar Ólafsson hjá Sæskipum ehf. segir starfsemina hafa farið vel af stað. „Það hefur verið ljúfur stígandi í flutningum okkar," sagði Sigmar. Jaxlinn siglir að sunnan á miðvikudögum og sunnudögum og er hér vestra á mánudögum og fimmtudögum. Skipið kemur við á öllum Vestfjarðahöfnum þar sem flutning er að hafa, utan Suðureyrar, á leið sinni til Ísafjarðar. Þar snýr skipið við og heldur á ný til Reykjavíkur.

## Gísli ráðinn fjármálastjóri

Gísli Halldór Halldórsson, viðskiptafræðingur og verslunarstjóri á Ísafirði, hefur að tillögu skólameistara verið ráðinn fjármálastjóri Menntaskólans á Ísafirði. Fimm umsækjendur voru um stöðuna en einn umsækjandi hafði dregið umsókn sína til baka áður en kom að ráðningu.

## Félagsheimilið verði selt

Framtíð félagsheimilisins á Suðureyri var meðal umræðuefna á kynningarfundi sem byggingarnefnd um íþróttahús á Suðureyri gekkst fyrir í síðustu viku. Þar kom m.a. annars fram að fyrirhugað væri að auglýsa félagsheimilið til sölu þar sem engin félagasamtök væru reiðubúin til að taka það að sér. Súgfirðingar fjölmenntu á fundinn og var auðheyrt að fundarmönnum hugnaðist vel að fá íþróttahús á staðinn eftir áratuga bið. Bryndís Birgisdóttir, formaður bygginganefndar um íþróttahús á Suðureyri, segir nefndina bjartsýna á framhaldið og er áætlað að fullbúið fjölnota íþróttahúsið verði tekið í notkun 1. mars á næsta ári.

### Vesturbyggð gengur til samninga við Gámaþjónustu Vestfjarða um sorphirðu

# Fer sorp frá Vesturbyggð til eyðingar í Funa á Ísafirði?

Bæjarráð Vesturbyggðar hefur falið bæjarstjóra að ganga til samninga við Gámaþjónustu Vestfjarða um sorphirðu í sveitarfélaginu. Verði af samningum verður sorpið flutt til Ísafjarðar til eyðingar. Fyrir skömmu var sorphirða í Vesturbyggð boðin út og bárust tilboð frá fjórum aðilum og lögðu tveir þeirra jafnframt fram frávikstilboð. Þeir sem buðu í verkið voru Torfi Andrésson, G.S.G. ehf., Íslenska Gámafélagið ehf./Njarðtak ehf. og Gámaþjónustan.

Óháður aðili var fenginn til þess að fara yfir tilboðin og var það niðurstaða hans að ekkert tilboðanna uppfyllti ákvæði útboðslýsingarinnar. Í framhaldi af því ákvað bæjarráð Vesturbyggðar að hafna öllum tilboðunum. Þá samþykkti bæjarráð að fela bæjarstjóra að ganga til samninga um sorphirðuna í Vesturbyggð við Gámaþjónustu Vestfjarða ehf. á grundvelli frávikstilboðs sem fyrirtækið sendi.

Í því tilboði er gert ráð fyrir því að allt sorp verði flutt til Ísafjarðar og það brennt í sorpeyðingarstöðinni Funa. Að sögn Ragnars Kristinssonar, framkvæmdastjóra Gámaþjónustunnar, er reiknað með því að á sumrin verði sorpið flutt til Ísafjarðar með bílum en að vetrinum verði því safnað saman til vors eða það flutt með skipum á milli en sem kunnugt er hófust áætlunarsiglingar innan Vestfjarða á dögunum með komu flutningaskipsins Jaxlsins. Segir Ragnar að ef samningar takist muni Gámaþjónustan verða með starfsmann og tæki til staðar í Vesturbyggð. Tilboð Gámaþjónustunnar felur ekki í sér sorpeyðinguna sjálfa heldur þarf Vesturbyggð að semja um þann þátt við stjórn Funa á Ísafirði.

Þá auglýsti Tálknafjarðarhreppur eftir tilboðum í sorphirðu og voru tilboð opnuð í síðustu viku. Að sögn Ragnars bauð Gámaþjónustan í það verk einnig og verður tilhögunin sú sama ef fyrirtækið hlýtur það verk. Í Vesturbyggð er reiknað með að um 400 tonn af sorpi falli til árlega.

# Fögnuðu fimmtíu ára útskriftarafmæli frá Húsmæðraskólanum Ósk

Stúlkurnar sem námu við Húsmæðraskólann Ósk veturinn 1953-1954 komu saman á Ísafirði um síðustu helgi og fögnuðu fimmtíu ára útskriftarafmæli. Þann vetur voru 35 stúlkur á skólanum og voru 22 mættar til endurfundanna nú en þrjár eru fallnar frá. Námsmeyjarnar á Húsmæðraskólanum bjuggu á heimavist og var svipaður háttur hafður á við endurfundina þar sem bæði aðkomnir og heimafólk bjó á Gamla gistihúsinu.

Magdalena Sigurðardóttir, ein námsmeyja, segir endurfundina hafa tekist ljómandi vel. Hópurinn skoðaði m.a. gamla skólann sinn, sem nú hýsir Tónlistarskóla Ísafjarðar, og heimsótti eyjuna Vigur í Ísafjarðardjúpi þar sem æskuslóðir þáverandi forstöðukonu Húsmæðraskólans, Þorbjargar Bjarnadóttur, liggja.

Magdalena segir þær stöllur hafa tekið bæinn með trompi og ekki spillti fyrir að veður var með eindæmum gott. „Það var mikið hlegið og mikið rifjað upp, og ennþá erum við að heyra nýjar sögur", sagði Magdalena.

*– kristinn@bb.is*

### Meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

# Klofnaði við afgreiðslu ályktunar um fjölmiðlamál

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar klofnaði í atkvæðagreiðslu um ályktun sem lögð var fyrir bæjarstjórnarfund á miðvikudag í síðustu viku um fjölmiðlafrumvarp forsætisráðherra. Það var Lárus G Valdimarsson bæjarfulltrúi Samfylkingar sem lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Undirritaðir bæjarfulltrúar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar harma þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið af hálfu meirihluta Alþingis í tengslum við þinglega meðferð s.k. Fjölmiðlafrumvarps forsætisráðherra. Þau vinnubrögð eru vart til þess fallin að auka virðingu almennings fyrir hinu háa Alþingi. Það hlýtur að teljast lágmarkskrafa í sérhverju lýðræðisríki að málefni er varða grundvallaratriði lýðræðisins hljóti ítarlega og vandaða umræðu áður en lagasetning er varðar þau atriði er afgreidd. Æskilegt er að um slíka lagasetningu ríki þverpólitísk sátt. Í ljósi ofangreinds skorum við á þingmenn NV-kjördæmis að þeir skoði hug sinn vel við afgreiðslu þessa máls."

Auk Lárusar voru flutningsmenn tillögunnar bæjarfulltrúar minnihlutans þau Magnús Reynir Guðmundsson, Frjálslyndum og óháðum og Bryndís Friðgeirsdóttir, Samfylkingu. Að auki voru flutningsmenn tillögunnar bæjarfulltrúar meirihlutans þau Svanlaug Guðnadóttir og Björgmundur Ö. Guðmundsson, Framsóknarflokki ásamt Ragnheiði Hákonardóttur og Elíasi Guðmundssyni Sjálfstæðisflokki.

Meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar skipa fjórir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og tveir bæjarfulltrúar Framsóknarflokksins eða sömu flokkar og mynda ríkisstjórn Íslands. Að loknum umræðum var tillagan samþykkt með sjö atkvæðum gegn einu atkvæði bæjarstjórans. Birna Lárusdóttir bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks sat hjá. *– hj@bb.is*

# Tilboð í uppgræðslu snjóflóðavarna hagstætt

Framkvæmdasýsla ríkisins metur tilboð Vesturvéla ehf. á Ísafirði í uppgræðslu snjóflóðavarnargarða við Seljaland í Skutulsfirði hagstætt. Fram kemur í bréfi Framkvæmdasýslunnar til Ísafjarðarbæjar að eftir athugun á fjárhagsstöðu og reynslu Vesturvéla ehf. hafi ekkert komið í ljós sem mæli gegn fyrirtækinu sem verktaka við framkvæmdirnar.

Tilboð Vesturvéla hljóðaði upp á kr. 24.979.525 og er það um hálfu prósentustigi yfir kostnaðaráætlun verkkaupa sem hljóðaði upp á kr. 24.836.500. Þrír verktakar skiluðu inn tilboði í verkið og voru þau opnuð hjá Ríkiskaupum 4. maí. Af innsendum tilboðum reyndist Ásel ehf. á Ísafirði vera lægst með kr. 17.544.300 eða 70,6% af kostnaðaráætlun og næst lægstir voru Hólmar Guðmundsson í Mosfellsbæ og Jarðkraftur ehf. í Kópavogi sem buðu kr. 19.062.250 eða 76,7% af kostnaðaráætlun. Tilboðin töldust hins vegar bæði ógild.

Um er að ræða uppgræðslu á 650 metra löngum garði, samsvarandi flóðafarvegi og 14 keilum auk uppgræðslu raskaðs svæðis, alls um 15 hektara. Verkinu skal lokið fyrir 1. september árið 2006. *– kristinn@bb.is*

# Kvikmyndaleikari fær andlitslyftingu í tilefni þrítugsafmælis

Einn af fallegustu bílum Ísafjarðar hefur að undanförnu verið tekinn í gegn í tilefni þess að hann er orðinn þrjátíu ára gamall. Um er að ræða Mercedes Benz 280 SE í eigu fyrirtækis Magnúsar Haukssonar. Jónas Skúlason í Súðavík hefur að undanförnu unnið við að sprauta bílinn og er hann nú sem nýr.

Á þrjátíu árum hafa eigendur bílsins aðeins verið þrír. Björgvin Vilmundarson, þáverandi bankastjóri Landsbanka Íslands, keypti bílinn nýjan. Árið 1977 seldi Björgvin bílinn til Ásgeirs Guðbjartssonar, skipstjóra, sem átti bílinn til ársins 2000 þegar fyrirtæki Magnúsar eignaðist hann. Bíllinn hefur aðeins verið ekinn um 150.000 km og þar af einungis 50.000 km á núverandi vél.

Segja má að bíllinn hafi öðlast mikla frægð þegar hann „lék“ sem leigubifreið í kvikmyndinni um Nóa albínóa sem tekin var á Vestfjörðum. Í bílnum er bensínvél en þar sem flestir leigubílar eru með dieselvélar var hljóðrás myndarinnar breytt svo bíllinn hljómaði sem dieselbíll.

Magnús Hauksson segir bíllinn einstaklega skemmtilegan í akstri eins og títt er um bíla af þessari gerð. „Hann líður um þjóðvegina og það er eins og maður sitji á töfrateppi“, sagði Magnús þegar hann lýsti bílnum. Eins og áður sagði hafa aðeins þrír átt bílinn frá upphafi en nú er útlit fyrir að sá fjórði bætist í hópinn því Magnús segir bílinn falan fyrir rétt verð.

„Nú þegar hann er orðinn sem nýr finnst mér rétt að fleiri fái hans notið og því er hann falur.“ *– hj@bb.is*

***Eins og sjá má er bílinn glæsilegur eftir fegrunaraðgerðina.***

***Magnús Hauksson undir stýri á glæsibifreiðinni.***

# Þorskafjarðarheiði opnuð

**Þorskafjarðarheiðin hefur verið opnuð bílaumferð eftir að mokað var í gegnum snjóskafla á heiðinni í gær. Að sögn Jóns Harðar Elíassonar, rekstrarstjóra Vegagerðarinnar á Hólmavík, er ástand hennar furðugott miðað við árstíma. „Á næstu dögum munum við reyna að hefla yfir stærstu holurnar og eftir það verður hún þokkalega fær en fyrst um sinn verður fimm tonna öxulþungatakmörkun á veginum“, segir Jón Hörður. Þorskafjarðarheiði er sem kunnugt er fjölfarinn sumarvegur og víst að margur ferðalangurinn kætist við opnun hennar þrátt fyrir að hún verði seint talin með betri vegum.**

ÍSAFJARÐARBÆR

**SUMARSTARF HJÁ FUNA**

Á gámasvæði við Funa vantar starfsmann til afleysinga í sumar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar í síma 894 5959.

# Staðarkirkja í Aðalvík 100 ára

Staðarkirkja í Aðalvík er 100 ára. Kirkjan var byggð árið 1904 en þá var torfkirkja sem reist var á milli 1850-1860 orðin illa farin og hálfhrunin. Síðasti sóknarprestur Sléttuhreppinga var séra Finnbogi L. Kristjánsson. Hann lét af störfum árið 1945 og sjö árum seinna lagðist hreppurinn í eyði.

Kirkja hefur verið í Aðalvík frá því á miðöldum og í kaþólskri tíð var hún helguð Maríu guðsmóðir og Pétri postula. Til er máldagi kirkjunnar frá 1282 sem Árni biskup setti og á 15. öld mun kirkjujörðin hafa verið í eigu Vatnsfjarðar-Kristínar. Andrea Harðardóttir, sagnfræðingur, segir lítið vitað um kirkjuhúsin sjálf í gegnum tíðina en í Vatnsfjarðarannál er minnst á torfkirkjuna að Stað árið 1651.

Laugardaginn 26. júní ætla átthagafélög Sléttuhrepps í Reykjavík og á Ísafirði, að halda upp á 100 ára afmæli kirkjunnar. Messað verður kl. tvö þennan dag og að athöfn lokinni verður kirkjukaffi á prestssetrinu, sem séra Runólfur Magnús Jónsson lét reisa árið 1909 og var nýlega gert upp. Um kvöldið verður svo dansað í skólanum að Sæbóli. *– thelma@bb.is*

***Staðarkirkja í Aðalvík.***

## Birgitta ráðin til bæjarins

Birgitta Baldursdóttir, íþróttafræðingur og bókari, hefur verið ráðin í starf fulltrúa á fjármálasviði Ísafjarðarbæjar. Tveir sóttu um stöðuna, Birgitta og Pálína Garðarsdóttir sem gegndi áður stöðu gjaldkera hjá Ísafjarðarbæ en henni var sagt upp störfum í vetur og gjaldkerastarfinu breytt. Umrædd staða komst mjög í fréttir í vetur þegar hún var auglýst og í hana ráðinn starfsmaður sem síðar upplýstist að hafði enga starfsreynslu. Í kjölfarið var öllu vinnulagi við mannaráðningar hjá Ísafjarðarbæ breytt.

## Sverrir verði ráðinn

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að Sverrir Kristinsson verði ráðinn í stöðu skólastjóra Grunnskóla Önundarfjarðar. Þetta kom fram á fundi fræðslunefndar nú fyrir skemmstu. Tvær umsóknir bárust um stöðuna frá Sverri sem verið hefur skólastjóri Brúarárskóla og Finni Magnúsi Gunnlaugssyni, kennara á Akureyri. Vigdís Garðarsdóttir sem verið hefur skólastjóri Grunnskóla Önundarfjarðar síðustu ár sagði upp í vetur.

## Fær 100 þúsund í styrk

Ísafjarðarbær hefur veitt Skíðafélagi Ísafirðinga 100 þúsund króna styrk í tilefni af 70 ára afmæli félagsins. Ákvörðun þess efnis var tilkynnt á fundi bæjarráðs fyrir stuttu. Skíðafélag Ísfirðinga var stofnað árið 1934 og hefur tímamótanna verið minnst með margvíslegum hætti. Skíðaíþróttin hefur gegnt veigamiklu hlutverki í bæjarlífinu allan þann tíma og hefur félagið alið af sér marga afreksmenn, m.a. fjölmarga ólympíufara og Íslandsmeistara.

## Tap í fyrstu leikjum BÍ og UMFB

Keppni í þriðju deild Íslandsmótsins í knattspyrnu hófst um liðna helgi þegar lið ÍH kom vestur, lék tvo leiki og vann þá báða. Á laugardag léku lið ÍH og lið Boltafélags Ísafjarðar og lauk leiknum með sigri ÍH sem skoraði tvö mörg gegn einu marki heimamanna. Á sunnudag mættust síðan Bolvíkingar í UMFB og ÍH og lauk leiknum með sigri ÍH sem skoraði fimm mörg gegn tveimur mörkum Bolvíkinga.

# Fegurðardrottning með bíladellu

Ungfrú Vestfirðir árið 2004 er tvítug Önundarfjarðarmær, Margrét Magnúsdóttir, dóttir hjónanna Magnúsar Hrings Guðmundssonar og Ebbu Jónsdóttur á Hóli. Að þessu sinni tóku 9 yngismeyjar þátt í keppninni, sem fram fór á Ísafirði um miðjan síðasta mánuð. Þær þóttu hver annarri glæsilegri enda ákvað dómnefnd að senda ekki einn heldur þrjá fulltrúa til keppni um titilinn Ungfrú Ísland. Margrét er nemandi á fjórða ári í Menntaskólanum á Ísafirði og stefnir á að ljúka stúdentsprófi við lok næstu haustannar. Hún gerði reyndar hlé á bóknáminu um tíma og lauk prófi í blómaskreytingum frá dönskum skóla. Óhætt er að kalla Margréti hörkukvendi. Víst er hún gullfalleg og fáguð í framkomu en gefur staðalmyndinni um fegurðardrottninguna langt nef. Hún er öllum hnútum kunnug á myndarlegu kúabúi fjölskyldunnar og segir það ekki ganga hjá sér að safna nöglum. Það færi illa saman við sveitastörfin. Þá er hún mikil bílaáhugakona og ráku karlkyns skólafélagar hennar upp stór augu þegar hún fékk sér forláta drossíu af gerðinni Mercedes Benz. Þátttakendur í fegurðarsamkeppni Vestfjarða lögðu hart að sér við undirbúninginn og strax var ljóst að ekki yrði slegið af við líkamsrækt og göngu-æfingar fyrir keppnina um titillinn Ungfrú Ísland sem haldin verður á Broadway í Reykjavík 29. maí. Reyndar gerði Margrét smáhlé á æfingum fyrstu dagana eftir Vestfjarðakeppnina en fór fljótlega af stað á ný.

– Er ekki óhætt að segja að þátttakan í keppninni hafi verið mikil törn hjá ykkur stelpunum? Þurfti ekki að æfa heilmikið fyrir stóra kvöldið?

„Undirbúningurinn fór rólega í gang. Við fengum hver og ein dagskrá um það sem við áttum að leggja áherslu á í líkamsræktinni og síðan þegar keppniskvöldið nálgaðist bættust við göngu-æfingar.“

– Hvernig gengur að samræma námið og undirbúning og þátttöku í fegurðarsamkeppni þegar þetta ber upp á prófatímann?

„Að minnsta kosti er ljóst að maímánuður er annasamur og þá gildir að skipuleggja tímann vel – maður verður að púsla þessu tvennu saman. Að auki er þetta líflegur tími í sveitinni með sauðburði og tilheyrandi stússi.“

– Fyrirfram er álitið að fegurðardrottningar séu frekar fínar píur en þú gengur í sveitaverkin af fullri hörku...

„Já, auðvitað, það þýðir ekkert annað – það er ekki hægt að sitja inni eins og pempía heldur tekur maður þátt í búrekstrinum með fjölskyldunni eins og alltaf.“

– Svo þú getur ekkert verið að safna nöglum á fingurna, eða hvað?

„Nei, ég væri fljót að rífa þær af.“

## Komin á jeppa

– Það vakti víst mikla eftirtekt á sínum tíma þegar þú varst nýkomin með bílpróf og keyptir þér Mercedes Benz. Ertu áhugamanneskja um bíla?

„Já, það er óhætt að segja það.“

– Ertu jafnvel með bíladellu?

„Já, mikla bíladellu. Bensinn var fyrsti bíllinn sem ég eignaðist og ég var löngu búin að ákveða að fá mér þannig bíl. Pabbi hvatti mig til að setja mér takmark og safna fyrir honum svo að það var unnið og unnið þar til hann var í höfn. Frændi minn hefur verið að flytja inn bíla svo ég fékk hann á góðu verði.“

– Áttu Bensinn ennþá?

„Nei, við unnusti minn áttum bæði bíla sem við seldum og fengum okkur Toyota LandCruiser jeppa í staðinn. Þó að færðin hafi verið mjög góð og lítill snjór að undanförnu, þá finnst mér hentugra að vera á jeppa. Bensinn mátti sín lítils þegar byrjaði að snjóa þó að það hafi verið mjög ánægjulegt að aka honum þess á milli.“

## Vill fást við sköpun

Anna Fríða Magnúsdóttir, systir Margrétar, býr í Danmörku og það varð kveikjan að því að Margrét hélt utan til náms í blómaskreytingum.

„Mér fannst ég farin að missa tengslin við Önnu Fríðu og vildi fara í lýðháskóla í Danmörku og vera nálægt henni. En síðan var mér bent á blómaskreytingaskóla sem vinkona hennar

VEGAGERÐIN

Verkefnastjóri nýframkvæmda

Staða verkefnastjóra nýframkvæmda á Norðvestursvæði Vegagerðarinnar er laus til umsóknar. Verkefnastjóri er með aðsetur á Ísafirði. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

**Starfssvið:**
Umsjón með ákveðnum framkvæmdum í nýbyggingum á Norðvestursvæði. Helstu verkefni:
• Verkkaup
• Eftirlit
• Vinna við kostnaðaráætlanir og kostnaðareftirlit
• Vinna við uppgjör og skýrslugerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
• Byggingarverkfræðingur eða byggingartæknifræðingur
• Starfsreynsla af vegagerð og byggingareftirliti
• Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
• Góðir samstarfshæfileikar

**Vegagerðin er eftirskóknaverður vinnustaður sem hentar konum jafnt sem körlum.**

Nánari upplýsingar veita Davið F. Oddsson (david@mannafl.is) og Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@mannafl.is) hjá Mannafli. Vinsamlegast sendið skriflegar umsóknir til Mannafls Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi fyrir 14. júní nk. merkt: **„Vegagerðin – verkefnastjóri Ísafirði"**

IMG

Mannafl
RÁÐNINGAR OG RÁÐGJÖF

**Mannafl:** Smiðjuvegur 72 200 Kópavogur Sími 540 7100 mannafl@mannafl.is
**Mannafl:** Skipagata 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is

hafði verið í og sótti um vist þar og komst inn.“

– Var þetta skemmtileg reynsla?

„Já, virkilega. Nemendurnir bjuggu á skólanum svo maður kynntist mörgum Dönum og náði góðum tökum á dönskunni.“

– Síðan er markið sett á útskrift af félagsfræðibraut Menntaskólans á Ísafirði næsta haust. Á hvað er stefnan sett í framtíðinni?

„Mig langar til að vera í skapandi fagi og er jafnvel að hugsa um að setja markið á innanhússarkitektúr. Þá myndi ég stefna á nám í Listaháskóla Íslands.“

### Eftirvænting og kvíði

– Hvernig reynsla er það að taka þátt í fegurðarsamkeppni? Var það skemmtilegt?

„Já, það fannst mér. Þetta var mjög góður félagsskapur. Ég bý úti í sveit og þar er náttúrlega ekki mikil mannmergð svo að mér fannst fegurðarsamkeppnin gott tækifæri til að kynnast nýju fólki, læra að koma fram og byggja upp sjálfstraustið.“

– Var stefnan sett á að vinna keppnina?

„Þegar maður tekur þátt í keppni er náttúrlega alltaf stefnt á að vinna. En ég hefði verið mjög ánægð sama hvernig hefði farið. Þetta var mjög góður hópur og frábærar stelpur sem ég kynntist.“

– Það vakti líka eftirtekt að dómnefndin ákvað að velja þrjá fulltrúa til þátttöku í keppninni Ungfrú Ísland...

„Okkur fannst það mjög ánægjulegt. Fyrir vikið verðum við með góðan hóp sem mætir til leiks í Reykjavík 29. maí fyrir hönd Vestfjarða. Síðustu tvær vikurnar fyrir keppnina er stanslaus undirbúningur hjá okkur fyrir sunnan allt fram á úrslitakvöldið.“

– Finnurðu fyrir keppnisfiðringi?

„Já, ég er svolítið spennt og pínulítið kvíðin – maður má samt passa sig að taka svona hluti ekki of alvarlega. Um að gera að hafa gaman af þessu“, sagði Margrét Magnúsdóttir fegurðardrottning frá Hóli í Önundarfirði, sem keppir ásamt tveimur öðrum vestfirskum stúlkum, þeim Ólafíu Kristjánsdóttur og Önnu Birtu Tryggvadóttur, um titillinn Ungfrú Ísland.

*– kristinn@bb.is*

*Ísafjörður.*

**Byggðakjarni Vestfjarða ekki eingöngu bundinn við Ísafjörð**

# Stefnubreytingin kom sveitarstjórnarmönnum í opna skjöldu

Töluverður órói hefur skapast í kjölfar bréfs Sturlu Böðvarssonar, fyrsta þingmanns Norðvesturkjördæmis til bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar þar sem lýst er skoðunum þingmanna kjördæmisins á því hvernig skilgreina skuli hugsanlegan byggðakjarna á Vestfjörðum. Svo virðist sem að skilgreining þingmannanna sé önnur en hefur verið rædd í opinberum tillögum í byggðamálum á undanfönum árum.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í síðustu viku var lagt fram bréf frá Sturlu þar sem hann fer yfir nokkur mál í framhaldi af fundi þingmanna kjördæmisins og bæjaryfirvalda á Ísafirði þann 1.mars í vetur. Í bréfinu ræðir Sturla þessi mál í sex liðum. Í síðasta lið bréfsins segir Sturla: „Þingmenn leggja ríka áherslu á að skilgreining á byggðakjarna, sem nefnd hefur verið, nái til allra sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum.“

Í setningunni felst óneitanlega töluverð stefnubreyting þar sem hingað til hefur verið rætt um Ísafjörð sem byggðakjarna í byggðamálum á Vestfjörðum. Í byggðaáætlun fyrir Vestfirði sem unnin var að frumkvæði sveitarfélaga á Vestfjörðum var Ísafjarðarbær nefndur sem byggðakjarni en oftast hefur Ísafjörður verið nefndur sem byggðakjarni líkt og Akureyri.

Samkvæmt heimildum blaðsins kom þessi stefnubreyting sveitarstjórnarmönnum á svæðinu í opna skjöldu. Samkvæmt henni er ekki lengur talað um Ísafjörð eða Ísafjarðarbæ eingöngu heldur einnig Súðavíkurhrepp og Bolungarvík sem byggðakjarna. „Þarna má sjá fingraför þingmanna úr Bolungarvík“, sagði sveitarstjórnarmaður á Vestfjörðum sem blaðið ræddi við.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að skilgreiningin á byggðakjarna í bréfi Sturlu hafi komið honum mjög á óvart. „Ég hélt að það væri alveg klárt að byggðakjarnaskilgreiningin væri til og hefði verið til í tillögum nokkurra aðila svo sem í áliti byggðanefndar Sambands sveitarfélaga, meirihlutaáliti iðnaðarnefndar Alþingis og í byggðaáætlun fyrir Vestfirði. Þetta atriði var eitt af því sem ég taldi að væri alveg á hreinu og nú vantaði bara útfærslur til þess að koma öllum þeim hugmyndum í framkvæmd sem ræddar hafa verið. Ég er hræddur um að þessi nýja skilgreining verði til þess að drepa málinu á dreif og tvístra kröftum heimamanna.“

Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, segir að það hljóti öllum að vera ljóst að ef það eigi að bjarga málum á landsbyggðinni þá verði stjórnvöld að grípa í taumana og marka stefnu sem byggir upp ákveðna staði ekki síst hér á Vestfjörðum og sjá svo hvað komi í kjölfarið á öðrum stöðum. „Það er ljóst að landsbyggðin er að flosna upp og því verða stjórnvöld að hafa markvissa stefnu og ekki dreifa kröftunum um of. Mér finnst að með þessari stefnubreytingu sé verið að þynna út byggðaáætlunina sem hér var gerð og með því er verið að tefja fyrir málinu. Um þetta var mótuð einróma stefna sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum og þingmenn eiga að sjá sóma sinn í því að standa við bakið á okkur í þessari vinnu. Með þessari stefnubreytingu er verið að skapa ósætti að óþörfu.“

Sturla Böðvarsson segir að byggðakjarninn hafi ekki verið skilgreindur fyrr og þingmenn telji nauðsynlegt að sveitarfélögin sameinist um skilgreiningu á byggðakjarna og í því ljósi voru skilaboðin send.

Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður, segir það sitt álit að ekki hafi eingöngu verið átt við Ísafjörð þegar rætt var um eflingu byggðakjarna á Vestfjörðum.

„Byggðakjarninn er hugsaður sem kjarni fyrir hvert svæði þannig að ekki sé hægt

*Sturla Böðvarsson.*

*Halldór Halldórsson.*

*Magnús Reynir Guðmundsson.*

*Kristinn H. Gunnarsson.*

að horfa á málin út frá einum firði. Höfuðborgarsvæðið er ekki bara Reykjavík svo dæmi sé nefnt. Með þessari setningu í bréfinu er því verið að leggja áherslu á svæðið í heild og að horft verði vítt yfir svíðið. Um það var samstaða í þingmannahópnum. Það er mjög áríðandi að svæðin á Vestfjörðum reki ekki í sundur í byggðaumræðunni. Það er ekki ætlunin að allt byggist upp á fáum stöðum á landsbyggðinni“, sagði Kristinn.

*– hj@bb.is*

## ritstjórnargrein

# Sinnaskipti þingmanna

„Þingmenn leggja ríka áherslu á að (sú) skilgreining á byggðakjarna, sem nefnd hefur verið, nái til allra sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum“, segir í bréfi fyrsta þingmanns Norðvesturkjördæmis, Sturlu Böðvarssonar ,samgönguráðherra, sem hann ritar fyrir hönd þingmanna kjördæmisins til bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Fram til þessa hefur það ekki vafist fyrir neinum sæmilega læsum manni hver skilgreining á byggðakjarna fyrir Vestfirði væri. Um það vitna fyrri samþykktir um málið. Með bréfinu boða þingmennirnir hins vegar kollsteypu í þessu mikilvægasta máli vestfirskra byggða, nú sem stendur.

Sinnaskipti þingmanna kjördæmisins vega að grundvelli þeirrar stefnu, sem mörkuð var af stjórnvöldum og samstaða hefur verið um milli sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum, hingað til að minnsta kosti, að Ísafjörður yrði efldur sem þéttbýliskjarni á Vestfjörðum. Rétt þykir því að undirstrika samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar vegna bréfs Sturlu Böðvarssonar. Þar segir m.a.: „Hugmyndin með byggðakjarna er sú að áhrifasvæði hans sé sem stærst og í tilfelli Ísafjarðar séu það allir Vestfirðir með bættum samgöngum, en ekki einungis norðanverðir Vestfirðir.“ Í ljósi seinagangs og sinnuleysis, sem einkennt hefur viðhorfin til byggðakjarna á Ísafirði, þrátt fyrir allar viljayfirlýsingar stjórnvalda, skal spurt: Kemur þingmönnunum til hugar að ljáð verði máls á öðrum byggðakjarna á Vestfjörðum, sem dreifist þá væntanlega á Patreksfjörð, Bíldudal og Tálknafjörð? Eða hvað ætla þingmennirnir þessum byggðum? Hefur einhverjum til hugar komið að byggðakjarnanum norðan heiða verði sáldrað á Akureyri og nágrannasveitarfélögin? Auðvitað ekki. Menn sjá fyrir sér jákvæð áhrif út frá byggðakjörnunum, meðal annars með bættum samgöngum og stærri sveitarfélögum.

„Það er ljóst að landsbyggðin er að flosna upp og því verða stjórnvöld að hafa markvissa stefnu og ekki dreifa kröftunum um of. Mér finnst að með þessari stefnubreytingu sé verið að þynna út byggða áætlunina sem hér var gerð og með því er verið að tefja fyrir málinu. Um þetta var mótuð einróma stefna sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum og þingmenn eiga að sjá sóma sinn í því að standa við bakið á okkur í þessari vinnu. Með þessari stefnubreytingu er verið að skapa ósætti að óþörfu,“ segir Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ.

Það er ekki spurning um hvort, heldur hvenær, sveitarfélögin, sem nú bögglast fyrir brjósti þingmanna kjördæmisins, sameinast. Haldi fram sem horfir, munu ráðamenn þessara sveitarfélaga, fyrr en síðar, sjá sér þann kost vænstan að stíga í eina sæng. Sinnaskipti þingmannanna gefa stjórnvöldum hins vegar tækifæri til frekari seinagangs, sem er þó ærinn fyrir.

*s.h.*

## orðrétt af netinu

# Klókindi Davíðs

Fyndnast væri náttúrlega ef Ólafur Ragnar sæti uppi með skömmina af þessu – að hann yrði hið pólitíska fórnarlamb fjölmiðlamálsins sökum þess að hann skrifaði undir. Það kallast að falla á eigin bragði. Því auðvitað ber Ólafur nákvæmlega enga ábyrgð á gjörningnum. Þetta er svipað og þegar mótmælin gegn Kárahnjúkum voru sem háverust og allt náttúruverndarliðið mætti til að pípa á Ingibjörgu Sólrúnu – sem kom málið voða lítið við. Er þetta annars ekki enn eitt dæmið um klókindi Davíðs – hvernig hann leikur alltaf á okkur öll og stendur að lokum uppi sigurvegari? Ég hef stundum sagt að slægð Davíðs sé dýrsleg. Þetta er ekki spurning um gáfur, heldur eðlisávísun. Davíð á bara eina hugsjón – að hanga á völdum sínum hvað sem það kostar. Honum tekst það alveg bærilega. Frægt er þegar Danakóngur hitti Jónas frá Hriflu og sagði við hann: „Spiller De stadigvæk den lille Mussolini?“ Á þetta ekki bara ágætlega við á vorum dögum?

**strik.is – Egill Helgason**

**Útgefandi:** H-prent ehf., Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Kristinn Hermannsson, sími 863 1623, *kristinn@bb.is* – Halldór Jónsson, sími 892 2132, *hj@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, *thelma@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Auglýsingar**: Steingrímur Rúnar Guðmundsson, sími 896 0035, *denni@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
ISSN 1670 - 021X

*Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, og Elías Guðmundsson, formaður atvinnumálanefndar, afhentu forsvarsmönnum 3X-stáls, þeim Alberti Högnasyni og Jóhanni Jónassyni, viðurkenninguna.*

### 3X-Stál hf. á Ísafirði

# Frumkvöðull ársins 2003 í Ísafjarðarbæ

Fyrirtækið 3X-Stál á Ísafirði, sem sérhæfir sig í vinnslulausnum fyrir sjávarútveg, hefur verið útnefnt frumkvöðull ársins 2003 í Ísafjarðarbæ. Fulltrúar atvinnumálanefndar bæjarins afhentu forsvarsmönnum 3X-stáls viðurkenninguna þess efnis í síðustu viku. Í tilkynningu frá atvinnumálanefnd segir að ávallt hafi verið lögð mikil áhersla á nýsköpun og vöruþróun hjá fyrirtækinu og markmið þess sé að koma með nýja vöru á markað á tveggja mánaða fresti.

„Helstu ástæður velgengni fyrirtækisins eru áræðni eigenda þess, gott starfsfólk og náið samstarf við sjávarútvegsfyrirtæki á svæðinu í þróun lausna og nýjunga á þessu sviði.“ Þá kemur fram að forsvarsmenn 3X-Stáls hafi hug á að nýta þekkingu fyrirtækisins á öðrum sviðum m.a. í meðhöndlun grænmetis.

3 X-Stál fagnar tíu ára afmæli í ár. Það hefur verið í örum vexti frá upphafi og alltaf skilað hagnaði. Hjá 3X-Stáli starfa á bilinu 25-30 manns og eru aðalstöðvar þess á Ísafirði en dótturfyrirtæki er starfrækt í St Johns í Kanada. Auk þess á 3X-Stál hlut í Rennex á Ísafirði sem er sérhæft renniverkstæði og framleiðir íhluti fyrir 3X-Stál og fleiri fyrirtæki víða um land. *– kristinn@bb.is*

### Verkefni á Vestfjörðum

# Fá á fjórðu milljón úr Pokasjóði

Verkefni á Vestfjörðum fengu kr. 3.450.000 við úthlutun úr Pokasjóði sem fram fór í síðustu viku. Hæsta styrkinn, eina milljón króna, fékk áhugamannafélagið Raggagarður vegna uppbyggingar sumarleiksvæðis í Súðavík. Pétur Jónasson, gítarleikari, fékk 750 þúsund króna styrk til að halda tónlistarhátíðina Við Djúpið sem haldin verður á fimm stöðum við Djúp í júní og Þröstur Sigtryggsson fékk 600 þúsund vegna menningarminjasafns við Núp á Dýrafirði.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða fékk 500 þúsund til merkingar gönguleiða og framkvæmdasjóður Skrúðs fékk 600 þúsund til að leggja lokahönd á aðkomu garðsins og merkingar við bílastæði.

### Menntamálaráðuneytið

# Vill að sveitarfélög setji reglur um auglýsingar í skólum

Í dreifibréfi frá menntamálaráðuneytinu sem birt var í síðustu viku er vakin athygli á umræðu þeirri sem átti sér stað fyrir skömmu um aukna ásókn ýmissa fyrirtækja í að auglýsa beint eða óbeint í grunnskólum. Umræðan kviknaði í kjölfar bréfs frá Skarphéðni Jónssyni, skólastjóra Grunnskólans á Ísafirði, til ráðuneytisins. Urðu um þetta mál nokkrar umræður á Alþingi þar sem ráðherra menntamála kvaðst ekki hafa heimildir til þess að setja reglur um slík mál á landsvísu.

Í dreifbréfi ráðuneytisins segir m.a.: „Ráðuneytið telur til fyrirmyndar að hvert sveitarfélag setji sér verklagsreglur um auglýsingar í grunnskólum í samráði við grunnskóla sveitarfélagsins. Mikilvægt er að slíkar reglur séu vel kynntar meðal nemenda, starfsfólks skóla og foreldra. Eðlilegt er að birta slíkar verklagsreglur í skólanámskrá skólans. Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til sveitarfélaga að þau taki þetta mál upp í hverju sveitarfélagi fyrir sig með það að markmiði að settar verði verklagsreglur í samvinnu við skólastjórnendur.“

### Einar K. Guðfinnsson þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins

# Dagabátafrumvarpið „engin óskastaða“

Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Norðvesturkjördæmis og þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir svokallað dagabátafrumvarp sem sjávarútvegsráðherra mælti fyrir á Alþingi „enga óskastöðu“. „Frumvarpið er hins vegar tilraun sjávarútvegsráðherra til að höggva á hnútinn. Það eru uppi tvö ósamrýmanleg sjónarmið, annars vegar krafa um kvótasetningu og hins vegar krafa, okkar mjög margra, um dagakerfi með gólfi í fjölda daga“, segir Einar.

Í frumvarpi ráðherra er gert ráð fyrir að útgerðarmenn dagabáta geti valið hvort þeir haldi áfram í dagakerfi eða fái úthlutað kvóta. „Aðalatriðið sem við í sjávarútvegsnefnd þurfum að velta fyrir okkur er hvort þetta séu jafngildir kostir og því miður sýnist mér að kvótakosturinn sé mun betri og valið því ekki sanngjarnt. Mér sýnist verkefnið núna vera að búa svo um hnútana að menn geti valið um tvo jafngilda kosti.“

*Einar K. Guðfinnsson.*

Bent hefur verið á að ef útgerðarmenn dagabáta geti valið á milli aflamarks og sóknarmarks muni það draga úr ásókn bátanna í útræði frá Vestfjörðum en aðkomnir dagabátar hafa fært mikinn afla á land í fjórðungnum undanfarin sumur. Aðspurður um þetta segir Einar að svo kunni að fara en einnig verði að horfa til þess að dagakerfi með gólfi hefði vafalítið fækkað bátum. Þá verði menn að hafa í huga að ekki sé endilega samband á milli landaðs afla og unnins afla á einstaka svæðum.

Aðspurður um framgang málsins segist Einar reikna með að línur fari að skýrast í þessari viku. Frumvarpið er nú til meðferðar hjá sjávarútvegsnefnd Alþingis sem mun kalla eftir umsögnum hagsmunaaðila á næstu dögum. Einar segir ekki vera samstöðu um málið. „Það er örugglega engin samstaða nú og ég á ekki von á neinni samstöðu sama hver niðurstaðan verður hjá þinginu. Ég á því ekki að venjast að það sé nokkurn tímann samstaða um sjávarútvegsmál“, sagði Einar K. Guðfinnsson.

Samkvæmt frumvarpinu verður sóknardögum fækkað um einn á næsta fiskveiðiári og síðan verði fjöldinn endurskoðaður við upphaf hvers fiskveiðiárs. Ef heildarafli sóknardagabáta eykst verður dagafjöldinn skertur í hlutfalli við það. Þá er kveðið á um að ekki megi vera með fleiri handfærarúllur en fjórar á bát og að aukning í vélarstærð báta komi til skerðingar á sóknardögum.

Við kvótasetningu verði miðað við betra árið af fiskveiðiárunum 2001 til 2002 og 2002 til 2003. – *kristinn@bb.is*

### Héraðsdómur sýknar tvo ökumenn af ákæru fyrir umferðarlagabrot

# Ökuritarnir sýndu minni hraða en ratsjáin

Héraðsdómur Vestfjarða hefur sýknað tvo ökumenn af ákæru fyrir umferðarlagabrot þar sem ökuritar í bílum þeirra sýndu, að bílunum hefði verið ekið mun hægar en ratsjármælingar lögreglunnar á Hólmavík á bentu til. Báðir ökumennirnir mótmæltu því að hafa ekið jafn hratt og lögreglan sagði og vísuðu á ökuritann strax og þeir voru stöðvaðir. Annar ökumaðurinn var stöðvaður í apríl 2002 er hann ók vörubíl með tengivagni um Djúpveg í Hrútafirði þar sem hámarkshraði er 80 km á klst. Lögreglan mældi bílinn á 104 km hraða á klst. en ökuritinn sýndi að bílnum hafði verið mest ekið á 89 km hraða áður en hann var stöðvaður.

Hinn ökumaðurinn ók á á þjóðvegi 1 um Holtavörðuheiði í júlí á síðasta ári þar sem hámarkshraði er 90 km á klst. Ratsjármælingar lögreglu bentu til þess að bílnum hefði verið ekið á 135 km hraða en ökuritinn sýndi að bíllinn hefði verið á um 100 km hraða.

Niðurstöður beggja dómanna eru svipaðar. Í öðrum segir, að löng reynsla sé af hraðamælingum með ratsjá hér á landi og venja að leggja þær til grundvallar dómum, að því tilskildu að ekki hafi verið rangt að mælingu staðið á einhvern hátt eða vegna ytri aðstæðna verði niðurstaða hennar dregin í efa. Ekki sé leitt í ljós l að svo hafi verið í þessu tilviki og er sönnunargildi mælingarinnar því mikið. Við það bætist skýr og eindreginn framburður beggja lögreglumannanna um að ákærði hafi ekið á 135 km/klst. er þeir héldu jöfnu bili milli bifreiðanna við eftirför og að ratsjá, hraðamæli lögreglubifreiðarinnar og GPS tæki hafi borið saman um þann hraða. Hafi ákæruvaldið þannig fært fram afar veigamikil sönnunargögn til stuðnings því að bílnum hafi verið ekið svo hratt sem honum er gefið að sök.

Fram hjá því verði þó ekki horft að ákærði framvísaði á vettvangi skráningarblaði úr tæki, sem honum sé skylt að hafa í bifreið sinni, yfirfarið var og prófað af faggiltum aðila í desember 2002 og á að sæta vissu eftirliti við almenna skoðun ökutækis. Þetta tæki, ökuritinn, eigi að skrá raunverulegan hraða bifreiðarinnar með 6 km/klst. mesta leyfilega fráviki. Skráningarblaðið sýni 100 km/klst. Ástæða hafi verið til að rannsaka betur þessa sterku vísbendingu um að ákærði hefði ekið miklum mun hægar en ratsjármælingin gaf til kynna. Verði hann ekki látinn bera hallann af því að svo var ekki gert.

Þá segir í dómnum að óútskýrt sé hvers vegna mismunandi mælingar hafi verið á ökuhraða ákærða með tækjum sem eigi að vera nákvæm mælitæki á ökuhraða. Leiði þessi mismunur til þess að vafi sé um sök ákærða sem verði að meta honum í hag.

*Eins og sjá má eru framkvæmdirnar á golfvellinum í Tungudal í fullum gangi.*

# Miklar framkvæmdir á golfvellinum í Tungudal

Ísafjarðarbæjar. Þrjár nýjar flatir verða gerðar og er áætlað að þær verði tilbúnar til notkunar á næsta ári. Skógrækt er einnig í fullum gangi á vellinum en 50 tré verða gróðursett til viðbótar við 50 tré sem gróðursett voru í fyrrahaust og búið er að setja nýjan sand í sandglompur.

Að sögn Tryggva Sigtryggssonar formanns vallarnefndar er brýnast er að taka af ánni verstu bugðurnar svo hún renni tiltölulega beint og síðan er tekin möl og færð upp á bakkana til að verja hana landbroti. „Áin hefur verið mjög vatnsmikil á vorin og hefur það átt stóran þátt í hve völlurinn hefur oft verið blautur. Einnig verða drenskurðir grafnir og rörum komið fyrir til að verja völlinn enn frekar fyrir bleytu,“ segir Tryggvi.

Vafalaust hefur það ekki farið fram hjá kylfingum né öðrum sem eiga leið inn í Tunguskóg að stór moldarsár liggja víðs vegar um völlinn en ekki er langt í að völlurinn verði aftur grænn og fagur. Tryggvi segir markmiðið að gera völlinn að eins mikilli prýði og unnt er. Spennandi verður að sjá hve glæsilegur völlurinn verður að framkvæmdum loknum en áætlað er að þau taki 2-3 ár.

# Hamingjan er viðhorf

**Anna Sigríður Ólafsdóttir er merkileg kona. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún öðlast lífsreynslu sem gæti vel rúmast á mörgum æviskeiðum. Hún hefur ferðast um heiminn og heimsótt um 50 lönd. Henni er margt til lista lagt og hún er óhrædd að takast á við ögrandi verkefni. Hún er opinská, lífsglöð og nýaldarsinni – kona sem nýtur lífsins til fulls. Virkur nemandi í skóla lífsins og heimsborgari sem fann sér samastað á Ísafirði þar sem hún býr ásamt sambýlismanni sínum Úlfi Úlfarssyni.**

**Þrátt fyrir að hafa slitið barnsskónum í Ólafsvík lítur hún á sig sem Vestfirðing enda á hún ættir að rekja til Vestfjarða. Ísfirðingar ættu að vera farnir að þekkja Önnu Siggu ansi vel því hún hefur verið áberandi í menningarlífi bæjarins. Meðal annars lék hún í leikritinu Ísuðum gellum, sem vakti mikla lukku á nýárinu, var framkvæmdastjóri Skíðavikunnar og margt, margt fleira.**

Hún er þekkt sem Anna Sigga og þá stundum Annska. Segist ekki einu sinni ansa þegar hún er kölluð Anna, því hún tengi það ekki við sig. Hún fór að heiman 14 ára gömul til að setjast á skólabekk í Reykjanesi, því hún var að eigin sögn vandræðaunglingur og uppreisnargjörn. Síðan hefur hún komið víða við og hefur nú slegið sitt persónulega met í viðveru á einum stað, því nú eru árin orðin þrjú sem hún hefur búið á Ísafirði. Anna Sigga er ófeimin að ræða skoðanir sínar og lífssýn. Hún hefur líka frá heilmörgu að segja. Blaðamaður Bæjarins besta skrapp í kaffi til glaðlyndu fjöllistakonunnar og fékk innsýn í brot af viðburðaríku lífi Önnu Siggu.

## Ætlaði að verða leikkona

„Þegar ég var lítil ætlaði ég alltaf að verða leikkona. Ég starfaði aðeins með leikklúbbum í Ólafsvík og í Bolungarvík en þegar ég varð eldri fann ég að þetta yrði ekki atvinna mín. Það er mjög skemmtilegt að geta gripið í leiklistina af og til en nú er það bara áhugamál. Ég setti nú samt upp einleik sem ég ferðaðist með um landið. Hann heitir Skilaboð til Dimmu, eftir Elísabetu Jökulsdóttur. Mér bara datt í hug einn morguninn að ráðast í svona verkefni og hringdi í Elísabetu til að spyrja hvort að hún ætti ekki einleik í handraðanum. Hún átti Dimmu og kom til mín á Snæfellsnes. Við settum leikritið upp á fimm dögum, geri aðrir betur – það var mjög gaman að ferðast með Dimmu.

Þegar tækifærið bauðst að taka þátt í Ísuðum gellum, þá ætlaði ég nú ekki að nenna því alveg strax. Sem betur fer sló ég nú til á endanum og það var mjög góð og skemmtileg lífsreynsla enda eru stúlkurnar góðar vinkonur mínar. Ingrid Jónsdóttir sem leikstýrði sýningunni var vel með á nótunum enda lék hún eina persónuna þegar leikritið var sett upp í Iðnó 1989.

Ég rétt náði í skottið á verbúðalífinu sem fjallað er um í leikritinu. Það var heima í Ólafsvík frá 12 til 15 ára aldurs og þegar ég kom til Bolungarvíkur 16 ára gömul til að vinna í fiski. Leikritið er ekki svo fjarri lífsstílnum sem var hjá fólkinu sem bjó í verbúð hér í denn.“

## Blaðaburður erfiðastur

„Ég hef komið víðs vegar við á lífsleiðinni og unnið við næstum hvað sem er. En blaðaburður í Kaupmannahöfn er sennilega það erfiðasta sem ég hef unnið við“, segir Anna Sigga og hlær dátt. „Þannig var nefnilega að það eru næstum engar lyftur í Danmörku. Ég var á þeim tíma 90 kíló og stundum þurfti ég að rogast með dönsku blöðin, sem eru eins og símaskrár, upp einar sex hæðir.

Ég er eiginlega „frílansari“ eða í lausamennsku af lífi og sál. Það hentar mér mjög vel að takast á við ný verkefni og geta lært og þroskast af þeim. Nú virðast skipulagsstörfin sækja að mér. Til dæmis var ég framkvæmdastjóri Skíðavikunnar um páskana. Það er í raun mjög spaugilegt því að ég er ekki þessi skipulagða týpa að eðlisfari og þarf virkilega að leggja mig fram við að vera öguð og skipulögð.

Annars ólst maður upp við það að fara strax út að vinna 12 ára gömul með skóla – það var bara raunveruleikinn þá. Meðan vertíðin stóð yfir áttu allir sem vettlingi gátu valdið að drífa sig niður í fiskvinnslu til að salta fisk. Þó að mér finnist ég hafa verið unglingur í gær er ótrúlega margt breytt síðan þá. Nú er ekki sjálfsagt að 12 ára krakkar fari að vinna, nema síður sé. Þetta er svo fljótt að breytast.“

## Æskudraumur að rætast

„Þegar ég var stelpa langaði mig alltaf í hest og ég grét fögrum tárum af því að pabbi og mamma vildu ekki gefa mér hest“, segir Anna Sigga hláturmild að vanda. „Nú er ég að láta drauminn rætast og er með hest í hesthúsunum úti í Hnífsdal. Hann heitir Nói og er æðislegur. Ég missi allt tímaskyn þegar ég fer í hesthúsið. Mér finnst ég vera nýkomin inn úr dyrunum og er bara að dunda mér við að kemba Nóa, gefa og moka skít og allt í einu eru fjórir tímar liðnir. Mér finnst æðislegt að finna slíka jarðtengingu, bara það að vera inni í hesthúsi og anda að sér lyktinni – þetta er svo mikil nálægð við náttúruna.“

## Menning og náttúra

„Í sumar verð ég meðal ann-

ars að vinna að skipulagningu hátíðar sem kölluð er Menning og náttúra, eða MN-hátíð og fer fram hér á Ísafirði í júní. Það er fólk úr öllum áttum sem kemur að því verkefni. Þetta verður heilmikil hátíð og margt spennandi að gerast. Boðið verður upp á alls konar viðburði, meðal annars tónlist, kvikmyndasýningu, leiklist, myndlistasýningar, listaklúbb á Langa Manga og margt, margt fleira. Einnig verða göngu- og skoðunarferðir á dagskránni og svo lýkur hátíðinni með Sólstöðugöngu JC – þetta verður mjög spennandi.

Við höfum upp á svo margt að bjóða. Við erum „Menningarbærinn Ísafjörður“ og ættum að vera óhrædd við að gefa okkur út með þann titil. Ferðaþjónusta er nýi þorskurinn á Íslandi og við verðum að markaðssetja það sem við höfum, eins og menningu og náttúruperlur – það er nóg af hvoru tveggja hér fyrir vestan.“

## Sigldi í kringum hnöttinn

„Ég vann í 13 mánuði sem þerna á skemmtiferðaskipinu Silver Cloud. Skipið var í hnattsiglingu og það var ævintýralegt ferðalag. Þá fékk ég tækifæri til að kynnast heiminum og finna út hvaða lönd mig langaði til að heimsækja aftur.

Nýja-Sjáland heillaði mig upp úr skónum. Kannski var ástæðan að einhverju leyti sú, að þegar ég kom þangað var svo langt síðan ég hafði komið heim. Land og þjóð minntu á mig á Ísland, fyrir utan hitann náttúrlega – það er svo hlýtt og yndislegt þarna. Fólkið svo fallegt og svipar til Íslendinga – mikil náttúrubörn.“

## Tek ekki þátt í lífsgæðahlaupinu

„Að vera innilokuð á skrifstofu í 9-5 vinnu er ekki fyrir mig. Ég hugsa alltaf um hvað ég fái út úr vinnunni. Mun ég læra af vinnunni og mun hún vinna með mér á þroskabrautinni? Við höfum alltaf frelsi til að velja og hafna. Þegar ég heyri einhvern segja að honum finnist vinnan sín ömurleg en það sé bara eitthvað sem hann verði að gera, þá hugsa ég: Til hvers? Af hverju að fást við eitthvað sem lætur manni líða ömurlega til þess að hafa það ofurlítið betra? Þetta líf er alltof stutt ferðalag til þess. Annað hvort er að sætta sig við ástandið eins og það er eða breyta því! Ég nenni ekki að taka þátt í lífsgæðahlaupinu.

Hvað er hamingja? Er það að fá vinnu sem borgar fullt af peningum, er það að þekkja allt mikilvægasta fólkið – eða að vera sáttur við sjálfan sig? Vinur minn sendi mér einu sinni kort sem í stóð að hamingjan væri ekki ástand heldur viðhorf, og það er sannleikur fyrir mig.

Lífið er hlutlaust í eðli sínu. Það er ekki fyrr en ég set flokkunarstöðina í gang að hlutirnir verða að einhverju. Þannig trúi ég því að þeim mun bjartsýnni og jákvæðari sem ég er, því betri séu líkurnar á að hlutirnir fari vel. Og ef ekki, þá var ég að minnsta kosti hamingjusöm í aðdragandanum.

Ég vil ekki vera níræð, líta yfir farinn veg og vera bitur. Nú þegar ég lít til baka, þá hugsa ég: Jú, þetta er bara búið að vera nokkuð gaman.“

## Ásatrú og rímnakveðskapur

„Ég er skráð í Ásatrúarfélagið en hef enn ekki komist á blót. Hef ekki komið mér í það en það kemur vonandi fljótlega að því. Ásatrú rúmar allt – virðingu fyrir lífinu, náttúrunni og fólkinu. Gömlu goðin eru svo margbrotin og standa fyrir allt mögulegt. Við ættum að reyna halda í fornu hefðirnar og bera virðingu fyrir Móður Jörð sem og öllum hennar lífverum. Annars finnst mér trú vera einkamál hvers og eins. Ásatrú snýst heldur ekki eingöngu um trú heldur forna siði okkar Íslendinga.

Eins er ég alveg heilluð af rímnakveðskap. Ég las einhvers staðar að rímnakveðskapur væri æðasláttur þjóðarinnar og mér finnst sannleikur í því. Ég er að vona að í sumar fáum við jafnvel að verða þess aðnjótandi að fá námskeið í rímnakveðskap. Það er hálfgerð helgistund þegar Allianz-auglýsingarnar þar sem Steindór Andersen kveður rímur birtast á skjánum. Rímur höfða til mín og ég ætla að læra að kveða rímur.

Ég var í Færeyjum fyrir stuttu og þar fékk ég tækifæri til að dansa vikivaka sem er ótrúlega einfaldur dans við rímnasöng. Ég gæti alveg trúað því að fólk komist í leiðslu við að dansa vikivaka og syngja rímur enda dansa Færeyingar eins og þeir eigi lífið að leysa langt fram á morgun.“

## Hreyfanleg hugleiðsla

„Þegar ég var að vinna á Silver Cloud uppgötvaði ég að dans hafði hreinsandi áhrif á mig eins og ég væri að fara út með ruslið á sálinni – andleg hreinsun. Þegar ég kom heim til Íslands gerði ég mér grein fyrir því að ég væri nú sennilega ekki að finna upp hjólið, að einhver annar væri búinn að gera sér grein fyrir þessu. Vinkona mín sendi mér bók sem kona að nafni Gabrielle Roth skrifaði um dans sem hún hafði þróað, sem heitir „Maps to Ecstacy“. Bókin var sem skrifuð fyrir mig og ég vissi strax að ég yrði að læra meira. Þegar þetta var vann ég í Götusmiðjunni sem ráðgjafi. Ég sagði upp vinnunni og dreif mig til Bandaríkjanna til að fara á námskeið í þessum fimmrythmadansi. Ég var í tæpa fjóra mánuði að elta dansnámskeið þvers og kruss um Bandaríkin og fór svo til Kanada, Þýskalands, Englands og Svíþjóðar.

Í gegnum dansinn lærði ég að tengja höfuðið við líkamann, að vera ein heild. Það er erfitt að útskýra hvernig dansinn virkar en þetta er andleg leið í gegnum hreyfingu – ekki bara að læra einhver dansspor. Á bak við dansinn er heilmikil heimspeki og fræði. Gabrielle Roth þróaði dansinn og ég er einmitt að fara núna á námskeið hjá henni í Chicago. Hún hefur unnið við leikstjórn og gefur út tónlist og notar þann bakgrunn við kennsluna. Hennar hugmyndir hafa náð miklum vinsældum bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. Aðallega er það fólk úr listageiranum og „þerapistar“ sem tekur kennararéttindi í fimmrythmadansi. Hver kennari kemur svo með sitt innlegg í kennsluna og námskeiðin eru mjög fjölbreytt. Fyrir þremur árum fór ég t.d á mánaðarlangt námskeið þar sem verið var að vinna með þau þrenns konar samskipti sem við erum í dagsdaglega. Samskiptin við okkur sjálf, samskipti einn á móti einum og samskiptin við hópinn. Þá er farið djúpt í hlutina – mikil vinna, mikill dans og heilmikil tiltekt.“

## Búddaklaustur og svitatjöld

„Ég hef stundað alls kyns hugleiðslur og meðal annars verið í Búddaklaustri í Kaliforníu, þar sem ég vaknaði milli fjögur og fimm á morgnana til að hugleiða og kyrja. Annars hef ég komist að því að besta hugleiðslan fyrir mig er að hreyfa líkamann. Hugleiðslupælingin í dansinum er t.d. „The fastest way to still the mind is to move the body“, sem hægt væri að þýða „Fljótlegasta leiðin til að róa hugann er að hreyfa líkamann“.

Svo fer ég reglulega í „svett“ í Elliðaárdalnum. Svettið útleggst svitahof á íslensku og er helgiathöfn frá indíánum. Þar er farið inn í tjald með glóandi heitum steinum og sungnir indíánasöngvar. Þetta gera indíánarnir til að hreinsa sál og líkama og auðvitað við Íslendingar líka.“

Anna Sigga virðist svo sannarlega hafa heilbrigða sál og líkama. Hvort sem það er að þakka svetti, hreyfanlegri hugleiðingu eða jákvæðu viðhorfi. Eitt er víst að hér er á ferðinni kvenmaður sem lætur hlutina gerast og ævintýrin bíða handan við hornið. Næsta ævintýri bíður ef til vill í Chicago á námskeiði í danshugleiðingu. Við óskum henni góðrar ferðar að vestan til Vesturheims.

*– thelma@bb.is*

### Fjörutíu kylfingar mættu til leiks á vormóti Golfklúbbs Bolungarvíkur

# Páll Guðmundsson bar sigur úr býtum

Góð þátttaka var á fyrsta móti Golfklúbbs Bolungarvíkur sem fram fór á Syðridalsvelli á sunnudag en 40 kylfingar mættu til leiks. Leiknar voru 18 holur í punktakeppni. Páll Guðmundsson frá Golfklúbbi Bolungarvíkur sigraði með 41 punkt, Hagbarður Marinósson varð annar með 39 punkta og Tómas Rúnar Sölvason varð þriðji en hann fékk einnig 39 punkta.

Bjarni Pétursson (GBO) fékk verðlaun fyrir besta skorið á mótinu en hann lék holurnar 18 á 74 höggum sem er þremur höggum yfir pari vallarins. Bjarni hlaut nándarverðlaun á 3/12 holu og Örnólfur Þórir Örnólfsson (GBO) hlaut nándarverðlaun á 5/14 holu. Þá fékk Rögnvaldur Magnússon (GBO) verðlaun fyrir lengsta púttið á 9. flöt.

*Verðlaunahafar mótsins Örnólfur Þórir Örnólfsson, Rögnvaldur Magnússon, Páll Guðmundsson og Bjarni Pétursson. Myndir: Baldur Smári Einarsson.*

### Súðavíkurhreppur

# Stefnir á byggingu tveggja einbýlishúsa

Á fundi sveitarstjórnar Súðavíkurshrepps fyrir stuttu var lögð fram tillaga um byggingu tveggja einbýlisshúsa við Holtagötu til að bregðast við húsnæðisskorti. Tillagan er enn á teikniborðinu en að sögn Helgu Sigurjónsdóttur staðgengils sveitarstjóra er stefnt að því að hefja framkvæmdir sem fyrst. „Það vantar húsnæði og þetta er leið hreppsins til að bregðast við því," segir Helga.

Enda þótt Súðavíkurhreppur sé ekki mjög fjölmennur, en þar búa rúmlega 230 manns, þá er hann meðal þeirra víðlendustu á landinu. Í Súðavík við Álftafjörð eru um 190 íbúar en aðrir búa í sveitunum inn með öllu Djúpi og úti í Vigur.

*– thelma@bb.is*

# Mörgæsin Georg í heimsókn

***Mörgæsin Georg tók á móti leikskólabörnum af Eyrarskjóli á Ísafirði og Bakkaskjóli í Hnífsdal í útibúi Íslandsbanka á Ísafirði á mánudag. Georg söng og sprellaði fyrir börnin og var boðið upp á kleinur og ávaxtasafa. Georg hefur verið tákn bankans um nokkurt skeið og nýtur vinsælda hjá yngstu börnunum líkt og segir í slagorðunum „Georg og félagar, vinsælir alls staðar." Óhætt er að segja að dagurinn hafi verið með líflegra móti hjá starfsmönnum útibúsins en Georg var á svæðinu fram eftir degi og tók á móti fulltrúum fleiri leikskóla.***

***– thelma@bb.is***


**Fasteignasala**
**Tryggvi Guðmundsson hdl.**

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

*Einbýlishús/raðhús:*

**Urðarvegur 24:** 240 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innb. bílskúr. **Verð 11,6 m.kr.**
**Sundstræti 39:** 227,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og nýjum bílskúr. Mikið uppgert. **Tilboð óskast**
**Bakkavegur 4b:** 100 m² lítið einb.hús, að hluta uppg. ásamt nýrri viðb. **Verð 3,5 m.kr.**
**Hnífsdalsvegur 10:** 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð. Laust fljótl. **Verð 3,5 m.kr.**
**Miðtún 45:** 188 m² fallegt raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð 14 m.kr.**
**Sunnuholt 1:** 277,5 m² glæsilegt einbýlishús á 5 pöllum ásamt bílskúr og grónum garði. **Verð 16 m.kr.**
**Urðarvegur 76:** 196 m² endaraðhús á tveimur hæðum. Gott útsýni. **Verð 13,2 m.kr.**
**Seljalandsvegur 85:** 118,5 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Húsið er nýlega uppgert. **Verð 5,9 m.kr.**

*4-6 herbergja íbúðir:*
**Sólfurgata 11:** Mjög falleg 125 m² nýlega uppgerð íbúð á tveimur hæðum í fjölbýlishúsi. **Verð 6,8 m.kr.**
**Fjarðarstræti 32a:** 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. **Tilboð óskast**
**Sólfurtorg 1:** 104 m² 3–4 herb. íbúð á 3. hæð í þríbýlishúsi. Bílastæði á baklóð. **Tilboð óskast**
**Stórholt 11:** 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 8 m.kr.**

*3ja herbergja íbúðir:*
**Stórholt 11:** 70 m² þriggja herbergja íbúð á annari hæð fyrir miðju í fjölb.húsi. Sér geymsla og sameiginlegt þvottahús í sameign. Skipti á stærri eign möguleg. **Verð 4.2 m.kr.**
**Urðarvegur 49:** 102,5 m² kjallaraíbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**
**Fjarðarstræti 38:** 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. **Verð 4,5 m.kr.**
**Stórholt 13:** 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. **Verð 5,5 m.kr.**

*2ja herbergja íbúðir:*
**Pólgata 4:** 76 m² íbúð á jarðhæð í fjórb.húsi. **Verð 2,7 m.kr.**

*Nuddstofa:*
Sólbaðsstofa með dekuraðstöðu, leiguaðstaða í kjallara að Túngötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratatæki, sogæðanuddtæki, Turbo ljósabekkur o.fl. **Tilboð óskast**

*Atvinnuhúsnæði:*
**Sólfurgata 6:** 98m² verslunarhúsnæði á neðri hæð í tvílyftu húsi. Rekstur Baðstofunnar ehf. er einnig til sölu. **Tilboð óskast**
**Thai Koon:** 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu. **Tilboð óskast**

*Suðureyri:*
**Hjallabyggð 5:** 132 m² einbýlishús á einni hæð, fjögur svefnherbergi og þvottahús. **Tilboð óskast.**
**Aðalgata 16:** 133 m² uppgert skrifstofuhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 3 m.kr.**

**Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is**



**25 - 60% afsl.** Rómantík.is

Í tilefni komu sumarsins býður rómantík.is 25 -60% afslátt af öllum vörum á vefnum. Allir sem versla fyrir 3000 kr. eða meira fá kennslumyndbandið "Nudd fyrir elskendur" nuddolíu m/bragði og nuddtæki FRÍTT með. Samtals að verðmæti 6000 kr. Gildir til 2 júní.

Cyberegg Vinsælasta eggið í dag. Það er klett m/cyberhúð sem gerir það sjálfs víðkomu. Það hefur fiðkaneti flips sem koma hvaða konu sem er í kasta hæðir. Verð áður 2.495.- nú **kr. 1.995.-**

Power krem. Vinsælt krem í dag fyrir herra. Kremið gerir það að verkum að herrann getur verið drauma elskhug alla nóttina. Verð áður Kr. 2.995.- nú **kr. 1.995.-**

Hlífrangur. Vinsælasta hjálpartækið fyrir pör. Hlífrangurinn hefur teygjanlegan hring úr jellý efni og er með innbyggðu mini eggi. Titra flipinn drar konuna á meðan vetir hringurinn herrann meiri örvun. Fjöðrepis hraðastilling. Verð áður 7.995.- nú **kr. 4.995.-**

Hægt er að ganga frá öllum pöntunum í síma 586-8500 Rómantík.is ...allt fyrir ástina

## Fjölmenni tefldi á alþjóðlegu skákmóti Hróksins á Ísafirði

# Jóhann Hjartar og Þröstur sigruðu

Fjölmenni, og þar af sjö stórmeistarar, tók þátt á alþjóðlegu skákmóti taflfélagsins Hróksins og UMFÍ sem haldið var á Ísafirði um síðustu helgi. Mótið var tileinkað börnum á Vestfjörðum og segir Hrafn Jökulsson, formaður Hróksins, ánægjulegt að finna góðar undirtektir þeirra. „Þetta gekk eins og í draumi og var afskaplega ánægjulegt að fá svo mikla þátttöku krakkanna sem komu í tugatali af norðursvæðinu og suðursvæðinu og alla leið af Ströndum."

Sigurvegari mótsins urðu stórmeistararnir Jóhann Hjartarson og Þröstur Þórhallsson með 7½ vinning en í 3.-5. sæti urðu Tomas Oral, Henrik Danielssen og Hrafn Jökulsson með 7 vinninga.

Sigurður Þráinn Geirsson, fæddur 1995, varð hlutskarpastur meðal grunnskólakrakka í 1.-3. bekk með 5 vinninga. Í flokki krakka í 4.-7. bekk varð Ingvar Ásbjörnsson, fæddur 1991, sigursælastur með 6,5 vinning og í flokki krakka í 8.-10. bekk vann Samúel Sigurðsson, fæddur 1988, með 5 vinninga.

Allir þátttakendur voru sjálfkrafa þátttakendur í happdrætti og var dregið út forláta reiðhjól frá Húsasmiðjunni á Ísafirði sem endaði í Árneshreppi.

Teflt var í íþróttahúsinu á Torfnesi sem þótti ekki síður henta vel fyrir andans raunir en aflsins og segir Hrafn greinilega hægt að halda mörg stórmót þar í framtíðinni. Mótið var haldið með tilstyrk fjölmargra aðila og ekki síst Flugfélags Íslands sem sá um að koma stórmeisturunum á staðinn.

Mótið var liður í skákvakningu Hróksins á Vestfjörðum en í síðustu viku heimsóttu liðsmenn Hróksins grunnskóla í fjórðungnum og tefldu fjöltefli. Regína Pokorna, skákdrottning Hróksins, tefldi við samtals hundrað börn í Bolungarvík, Súðavík og Ísafirði og á sama tíma var tékkneski stórmeistarinn Tomas Oral í sendinefnd Hróksins á Ströndum og tefldi við krakka á Borðeyri, Drangsnesi og Hólmavík. Hann heimsótti líka krakkana á Bíldudal, Tálknafirði og Patreksfirði og var hvarvetna mikil stemmning. Danski stórmeistarinn Henrik Danielsen heimsótti Flateyri og Suðureyri, en á báðum stöðum er mikil skákvakning. Þannig tefldu hátt í fjörutíu börn á Suðureyri við stórmeistarann.

Hrafn segir vakningarstarfi Hróksins hvergi nærri lokið. Þessa daga er félagið að safna áheitum en Hrafn ætlar að tefla 200 skákir í 30 klukkustunda skákmaraþoni í Smáralind um næstu helgi. Afrakstrinum verður varið til starfsins á næsta skólaári en þá er ætlunin að heimsækja alla skóla landsins og efna til 200 skákhátíða.

*– kristinn@bb.is*

*Vinningshafar á skákmóti Hróksins á Ísafirði. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.*

## Norðurlandamótið í körfubolta

# Þórir og Sigurður Norðurlandameistarar

Þórir Guðmundsson og Sigurður Þorsteinsson, leikmenn KFÍ, urðu á laugardag Norðurlandameistarar í körfuknattleik leikmanna undir 16 ára aldri þegar lið Íslands vann stóran sigur á liði Svíþjóðar í úrslitaviðureigninni með 86 stigum gegn 55.

Leikurinn fór fram í Solna í Svíþjóð. Í úrslitaleiknum skoraði Sigurður fimm stig og tók auk þess 9 fráköst og stal tvisvar sinnum boltanum af andstæðingunum. Árangurinn er óneitanlega mjög glæsilegur og ekki spillti gleði ungu drengjanna að Íslendingar urðu einnig Norðurlandameistarar í flokki pilta undir 18 ára aldri og stúlkna undir 16 ára aldri.

Árangur Þóris og Sigurðar er sennilega sá besti sem Ísfirðingar hafa náð í flokkaíþrótt og verður því mikil hvatning til þeirra og annarra liðsmanna KFÍ.

## Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

# Vill 23 sóknardaga smábáta

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti samhljóða á fundi í síðustu viku áskorun til Alþingis um að sóknardagar smábáta verði að lágmarki 23 við breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Það var Magnús Reynir Guðmundsson bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra sem lagði fram svohljóðandi tillögu á fundi bæjarstjórnar:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja, að sóknardagar í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar, sem nú er til afgreiðslu á Alþingi og varðar sóknardaga smábáta, verði að lágmarki 23."

Í umræðum um tillögu Magnúsar Reynis lögðu bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar, Bryndís Friðgeirsdóttir og Lárus G Valdimarsson, fram svohljóðandi bókun: „Enn á ný ætla stjórnvöld að fleygja í okkur hungurlús til að berjast um. Í stað þess að leggja til grundvallarbreytingar á stjórnun fiskveiða þá er nú krukkað í smábátakerfið, sem skapar úlfúð og deilur og beinir sjónum frá höfuðvanda málsins, sem er framsal aflaheimilda. Á meðan kvótinn safnast á æ færri hendur er sífellt verið að færa til dúsur innan smábátakerfisins, sem skapar enn á ný óvissu meðal fjölda fólks á landsbyggðinni, sem byggir afkomu sína á veiðum smábáta."

Tillaga Magnúsar Reynis var samþykkt með níu samhljóða atkvæðum.

*– hj@bb.is*


ÍSAFJARÐARBÆR

**SUMARAFLEYSING**

Starfsmann vantar í sumarafleysingu á slökkvistöð Ísafjarðarbæjar frá 1. júní til 1. september. Aldurstakmark er 20-40 ára.

Æskilegt er að viðkomandi hafi réttindi meiraprófsbílstjóra. Laun eru samkvæmt kjarasamningi F.O.S.Vest.

*Slökkviliðsstjórinn í Ísafjarðarbæ.*

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

**Fasteignaviðskipti**

Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr söluskrá okkar, leitið nánari upplýsinga á skrifstofu.

**ÍSAFJÖRÐUR:**

**Aðalstræti 13:** Rúmlega 100 m² íbúð á 1. hæð í tvíbýli ásamt hálfum kjallara og bílskúr.
**Hlíf II:** Rúmlega 50m² íbúð á 4. hæð. Laus. Verð kr. 6.500.000,-
**Mjallargata 1:** 70m² 2ja-3ja herb. íbúð á 2. hæð. Verð kr. 6.300.000,-
**Stórholt 13:** 76 m² íbúð á 3. hæð t.h. Verð kr. 4.600.000,-

**Holtagata 5, Súðavík:** Glæsilegt einbýlishús 122m² ásamt 48m² bílskúr. Laust. Verð kr. 10.500.000,-

**Engjavegur 15:** Rúmlega 100m² íbúð á jarðhæð í tvíbýlishúsi. Laus. Verð kr. 6.000.000,-

**BOLUNGARVÍK:**

**Heiðarbrún 2:** Rúml. 140m² einbýlishús ásamt bílskúr.
**Hliðarstræti 24:** 145 m² einbýlishús. verð kr. 2.800.000,- Verð kr. 2.800.000,-
**Stigahlíð 2:** 3ja herb. íbúðir. Verð kr. 1.500.000,-

**BÍLDUDALUR:**

**Langahlíð 29:** 133m² parhús. Laust. Verð 900.000,-

**SÚÐAVÍK:**

**Álfabyggð 4:** 94 m² einbýlishús. Laust. Verð kr. 6.600.000,-

**PATREKSFJÖRÐUR:**

**Aðalstræti 51:** 162 m² sérhæð. Laus.
**Aðalstræti 120:** 146 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Laus. Verð kr. 2.700.000,-
**Sigtún 21:** 114,6 m² raðhús. Laust. Verð kr. 4.000.000,-

**ÞINGEYRI:**

**Fjarðargata 40:** 104m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 3.900.000,-. Laus.

## Smáauglýsingar

Til leigu er 3ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Upplýsingar í síma 694 6810.

Miðill á Ísafirði! Valgarður Einarsson miðill verður á Ísafirði frá 27. maí til 1. júní. Tímapantanir í síma 456 4245.

Hefur þú séð Trek hjólið mitt? Því var stolið fyrir utan Menntaskólann á Ísafirði fyrir u.þ.b. tveimur vikum. Það er silfrað og blátt með hnakki sem virðist vera í lausu lofti. Mjög sérstakt í útliti. Uppl. í símum 866 5312 eða 866 9552.

Til sölu er vel með farin stafræn myndavél af Canon G3 gerð 4 Mega pixla. Fín vél á góðu verði. Uppl. í síma 895 5326.

Óska eftir konu til að þrífa í heimahúsi hálfsmánaðarlega. Uppl. í símum 456 4088 eða 861 8228 eftir kl. 15.

Til sölu er Mercedes Benz 190E árg. 1990, ekinn 230 þús. km. Bílinn er í góðu standi miðað við aldur. Uppl. í síma 848 3428.

Til sölu er nýleg kommóða með baði og skiptiborði. Upplýsingar í síma 899 0774.

Til sölu eru fjögur lítið slitin 14" sumardekk. Verð kr. 10.000 fyrir öll dekkin. Upplýsingar í síma 894 4372.

Vegna flutnings verður bílskúrssala að Fagraholti 1 á föstudag og laugardag frá kl. 13-17.

Til sölu er VW Golf árg. 1999, ekinn 113 þús. km. Verð kr. 950 þús. Uppl. í síma 892 1955. Myndir af bílnum má sjá á heimasíðunni www.nh.is/basi/golf

Til leigu er 4-5 herb. íbúð á besta stað á eyrinni á Ísafirði. Er í góðu standi. Uppl. gefur Axel Eiríksson í símum 861 3321 eða 553 2434.

Til sölu er Kia Sportage árg. 01, ekinn 50 þús. km. Fjögur sumar- og nagladekk fylgja. Upplýsingar í síma 895 2922.

Til sölu er MMC Lancer árg. 90, ekinn 173 þús. km. Upplýsingar í síma 662 4994.

Foreldrar og forráðamenn! Komið og kíkið á óskilamuni í Sundhöllinni sem fyrst.

Til sölu er lítil trilla með 10 hestafla vél. Tilboð óskast. Uppl. í síma 869 4849,

Ábyrgan ungan mann vantar herbergi til leigu á sanngjörnu verði í sumar. Upplýsingar í símum 456 5250 eða 695 3636.

Til sölu er borðstofuborð og sex stólar. Selst ódýrt. Upplýsingar í síma 456 7266.

Til sölu eru ýmsir tölvuhlutir á mjög góðu verði. Upplýsingar í símum 848 3435 eða 456 3470. Grímur Daníelsson.


### Ókeypis morgunverður, fræðsla fyrir foreldra og kannski frí frá vinnu

# Opið bréf til foreldra og atvinnurekenda þeirra

Í fyrravor gerði Vá Vesthópurinn tilraun með að standa fyrir klukkustundar löngum fyrirlestrum kl. 08:00 þrjá föstudagsmorgna. Allir fyrirlestrarnir voru sérstaklega sniðnir fyrir foreldra barna og unglinga. Skemmst er frá því að segja að þessi tilraun mæltist mjög vel fyrir og hyggst Vá Vesthópurinn svara kallinu og halda aftur þrjá slíka fundi nú í vor. Margir atvinnurekendur gáfu starfsmönnum sínum frí á launum umrædda klukkustund, þ.e.a.s. meðan umræddir fundir stóðu yfir. Slíkt er að sjálfsögðu til fyrirmyndar og sýnir að viðkomandi fyrirtæki eða stofnun ber hag starfsmanna sinna, sem foreldra sér fyrir brjósti. Hér mætti vísa til fjölskyldustefnu, sem ætti að vera hjá hverju fyrirtæki eða stofnun.

Nú á næstu vikum verða haldnir þrír morgunverðarfundir, eins og áður sagði, og allir á Hótel Ísafirði. Sá fyrsti hefst kl. 08:00 föstudaginn 28. maí nk. og lýkur honum eigi síðar en kl.09:00. Fundarmenn, sem fá að fara á fundinn úr vinnunni, ættu að vera mættir til vinnu fljótlega uppúr kl. 09:00. Vá Vesthópurinn hefur fengið Huldu Karlsdóttur, hjúkrunarfræðing í Bolungarvík, og nýjan liðsmann hópsins, til að flytja erindi um átröskunarsjúkdóma á þessum fyrsta fundi. Hulda sem hefur öðlast þekkingu á þessum sjúkdómum, bæði sem fagmanneskja og einnig vegna nákomins ættingja sem fékk þennan sjúkdóm.

Föstudaginn 4. júní nk., kl. 08:00, munu starfsmenn Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar halda erindi undir yfirskriftinni „Árangursríkar leiðir í samskiptum foreldra og barna“.

Föstudaginn 11. júní nk., kl. 08:00, mun síðan lögreglan á Ísafirði verða með erindi um algengustu fíkniefni sem notuð eru á Íslandi í dag, útlit þeirra, einkenni neytenda og fleira gagnlegt fyrir foreldra.

Vá Vesthópurinn nýtur dyggs stuðnings SKG veitinga vegna þessara morgunverðafunda og hefur þannig náð góðum samningi um veitingar, sem Vá Vesthópurinn býður öllum fundargestum að þiggja meðan á fundunum stendur.

Hér er kjörið tækifæri fyrir alla foreldra, barna sem unglinga, til að breyta til, fá leyfi úr vinnu, þiggja veglegan morgunverð hjá SKG og hlýða á fróðleg erindi sem ættu að styrkja foreldra. Rétt er að ítreka að aðgangseyrir er enginn og Vá Vesthópurinn gefur morgunmatinn.

Vá Vesthópurinn hvetur alla áhugasama foreldra til að leita eftir stuðningi atvinnurekenda sinna til að fá að sækja fyrirlestrana og sömuleiðis vill hópurinn hvetja atvinnurekendur til að gefa starfsmönnum sínum þetta svigrúm, ef hægt er að koma því við.

## Gerð göngustígs í bígerð

Verið er að leggja drög að nýjum göngustíg frá Stakkanesi og inn að Tunguá í Skutulsfirði. Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að stígurinn verði lagður um Seljalandsveg fyrir innan Grænagarð. Stendur til að gönguleiðin verði fullbúin og malbikuð um mitt sumar.

Sigurður Mar Óskarsson, bæjartæknifræðingur Ísafjarðarbæjar, segir hönnun göngustígsins að fara í gang og sé miðað við að upphaf stígsins verði við Miðtúnsbrekku og hann nái alla leið yfir Tunguá, nánar tiltekið að verslun Bónuss. Tillagan verður lögð fyrir bæjarstjórn á næstunni og göngustígurinn jafnframt settur í grenndarkynningu.

*– thelma@bb.is*

### Ný sumarhúsabyggð í Tunguskógi í Skutulsfirði

# Óskað álits Skipulagsstofnunar

Stefán Brynjólfsson, byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar, hefur ritað Skipulagsstofnun bréf þar sem óskað er eftir áliti stofnunnarinnar á því að skipulögð verði ný sumarbústaðabyggð í Tunguskógi í Skutulsfirði, norðan núverandi sumarbústaða. Í bréfi Stefáns kemur fram að árið 1999 hafi verið óskað álits stofnunarinnar á stækkun sumarbústaðalandsins í Tunguskógi og hafi hún þá lagst gegn hugmyndunum.

Í bréfinu kemur fram að Ísafjarðarbær taki málið upp að nýju í ljósi reglugerðar frá árinu 2000 um hættumat vegna ofanflóða, sem kveður á um að staðaráhætta sé metin á annan hátt en áður hefur verið gert og miðist mið notkun húss.

Nær allir sumarbústaðirnir í Tunguskógi eyðilögðust í mannskæðu snjóflóði árið 1994. Þá var enduruppbygging svæðisins heimiluð en ívera í húsunum takmarkast við tímabilið frá 16. apríl til 15. desember ár hvert. Nú er sumarbústaðalandið í Tunguskógi nær fullbyggt og hefur orðið talsverð umræða um þörf á nýjum sumarbústaðalóðum í sveitarfélaginu.

*– kristinn@bb.is*

***Horft út Tungudal. Núverandi sumarbústaðabyggð í Tunguskógi sést á vinstri hönd en óskað er álits Skipulagsstofnunar á uppbyggingu handan hennar.***

## STAKKUR SKRIFAR

# Kjarni byggðar

***Stakkur*** hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Of lengi hefur ráðamönnum á Íslandi verið ofviða að ákveða framtíð byggðar á Íslandi. Byggðin hefur þó ráðið sér sjálf á suðvesturhorninu. Í Reykjavík og allra næsta nágrenni búa nú um 165.000 manns. Þá er ekki talið á Reykjanesi, Akranesi og í Árnessýslu. Íslendingar eru rúmlega 290.000. Minni hlutinn býr utan stórborgarinnar í Seltjarnarneshreppi hinum gamla og utan Kjósarsýslu. Vestfirðingar vega æ minna á vogarskál íslensku þjóðarinnar. Þá er að vísu einungis verið að tala um þá sem á Vestfjörðum búa. Það skýtur skökku við að nú sé kominn nýr skilningur um byggðarkjarna á Vestfjörðum. Ekki skal lengur miðað við Ísafjörð heldur taka inn Bolungarvík og Súðavík.

Sameining sveitarfélaga hefur verið mikið rædd í tengslum við eflingu byggðar. En sem fyrr er skammsýni ríkjandi og sjá menn lítt til framtíðar. Þess hefur áður verið getið að 1987 var mikil ráðstefna á Selfossi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Byggðastofnunar um byggðaþróun. Fram komu gagnlegar og greindarlegar hugmyndir um ákveðna kjarna á landsbyggðinni. Þær fengu ekki hljómgrunn þeirra fjölmörgu sem höfðu umboð frá litlum sveitahreppum eða stýrðu fámennum þorpssamfélögum. Engu að síður hefur nokkuð gengið eftir í þeim efnum að mynda kjarna. Má nefna bæði Akureyri og Egilsstaði og verður einkar fróðlegt að sjá hver hlutur Egilsstaða verður í tengslum við hina stórkostlegu virkjun á Austurlandi og fylgjandi stóriðju. Víst má telja að allir Austfirðingar njóti góðs af, misjafnlega þó.

Vestfirðir hafa sérstöðu. Um er að ræða fámennasta gamla kjördæmið, sem sameinaðist öðrum. Íbúar Vestfjarða eru orðnir innan við átta þúsunda íbúa markið. Að auki bætist, að ekki hefur tekist að ná nægilega mikilli samstöðu íbúanna, meðal annars vegna erfiðra samgangna, sem hafa þó tekið stórstígum framförum síðustu árin. Strandasýsla og Barðastrandasýslur hafa eðli málsins sótt samskipti við íbúa utan Vestfjarða, einkum íbúar Austur Barðastrandarsýslu og sunnaverðrar Strandasýslu. En ætla mætti að íbúar Ísafjarðarsýslna hefðu átt mikla samleið. Svo virðist þó stundum ekki vera. Er þá ekki verið að vísa til þess er íbúar Nauteyrarhrepps vildu ekki lengur eiga samleið með öðrum Djúpverjum.

Öllum má ljóst vera að löngu er orðið tímabært að efla samkennd byggðanna við Ísafjarðardjúp. Betur gekk að sameina sveitarfélög Vestur Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað en Djúpverja. Tímabært er að sameina Bolungarvík, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhrepp. Meginrökin eru þau, að efla styrk íbúanna á norðanverðum Vestfjörðum. Þá kemur boðskapur þingmanna að byggðarkjarni skuli dreifast um marga staði. Nú skal tekið fram að þjónusta verður til staðar þar sem íbúar eru þótt sameinað sé, en hjá hinu verður aldrei litið að gæta verður sparnaðar og aðhalds, ekki síst þegar íbúum fækkar jafnt og þétt. Kannski hafa menn lesið rangt í skilaboð fyrsta þingmanns Vestfjarða, en þau má auðveldlega skilja svo að verið sé að ýta undir óbreytt ástand. Ekki gleyma tvennu. Íbúarnir ráða mestu um sameiningu. Hitt kann að gerast að ráðin verði tekin af þeim. Sameinaður vilji heimamanna er betri kostur.

# Fiskveisla Íslandssögu og Klofnings haldin með glæsibrag

Óhætt er að segja að mikil gleði hafi ríkt á Suðureyri á laugardagskvöld þegar fyrirtækin Íslandssaga og Klofningur buðu starfsfólki sínu og mökum til sameiginlegrar fiskveislu. Um 160 manns mættu til veislunnar sem var haldin í félagsheimili staðarins en SKG-veitingar sáu um matargerð og var eingöngu fiskur í boði. Brugðið var út af vananum í þetta sinn og ekki matreiddur fiskur sem fyrirtækin framleiða eins og tíðkast hefur síðustu tvö ár.

Skemmtiatriðin voru ekki af lakara taginu því Laddi og Jóhannes Kristjánsson, eftirherma, komu að sunnan til kitla hláturtaugar matargesta og tókst frábærlega til að sögn viðstaddra. Á dagskránni voru að auki heimatilbúin skemmtiatriði og hlutu þau ekki síðri undirtektir veislugesta. Að loknum skemmtiatriðum var stiginn dans fram á nótt. Vel var látið af bæði mat og skemmtiatriðunum og fóru allir sælir heim að sögn Ævars Einarssonar hjá Íslandssögu. Þetta er í þriðja sinn sem fiskveisla Klofnings og Íslandssögu er haldin og enginn vafi á að hún verður árlegur viðburður í framtíðinni. Páll Önundarsson lét sig að sjálfsögðu ekki vanta í veisluna og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is í vikunni.

# „Vorskipið“ fór fulllestað til Fljótavíkur

Eitt af föstum merkjum sumarkomunnar er þegar bátar byrja að ferja fólk og varning norður á Hornstrandir. Í síðustu viku mátti sjá hvar Fengsæll ÍS-83 var lestaður varningi vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru í Fljótavík í sumar. Auk hefðbundins viðhalds húsakosts þar nyrðra stendur til að endurbæta vatnsveituna í víkinni. Þegar norður er komið þarf að ferja varninginn í land með minni bátum eða fleyta honum til lands. Ein af dætrum Fljótavíkur, Herborg Vernharðsdóttir, er fyrir nokkrum farin norður til sumardvalar og hefur án efa tekið vel á móti vor-skipinu og áhöfn þess.

*– hj@bb.is*

*Eins og sjá má á mynd Þorsteins Tómassonar kennir ýmissa grasa um borð í Fengsæl ÍS sem flutti varning til Fljótavíkur.*

## Helgarveðrið

***Horfur á fimmtudag:*** Suðaustan 5-10 m/s suðvestanlands, en annars mun hægari austlæg átt. Rigning sunnan- og vestanlands en víða bjartviðri í öðrum landshlutum.

***Horfur á föstudag:*** Austlæg átt og skýjað með köflum eða léttskýjað en þokuloft eða súld með suðurströndinni. Hiti 12-20 stig að deginum

***Horfur á laugardag:*** Austlæg átt og skýjað með köflum eða léttskýjað en þokuloft eða súld með suðurströndinni. Hiti 12-20 stig að deginum.

## Kirkjustarf

***Ísafjarðarkirkja:*** Fermingarmessa á hvítasunnudag kl. 11:00.

***Hnífsdalskapella:*** Fermingarmessa á hvítasunnudag kl. 14:00.

***Fjórðungssjúkrahúsið:*** Guðsþjónusta á sal kl. 16:00 með kór Ísafjarðarkirkju.

## Spurningin

***Eiga Íslendingar að halda áfram að taka þátt í Eurovision söngvakeppninni?***

**Alls svöruðu 693.**
**Já sögðu 411 eða 59%**
**Nei sögðu 263 eða 38%**
**Óvíst sögðu 19 eða 3%**

*Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.*

*Jóhann Kárason formaður Félags hjartasjúklinga á Vestfjörðum afhendir Þresti Óskarssyni, framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar og Þorsteini Jóhannessyni hjartalínuritstækið.*

# Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar berast veglegar gjafir

Félag hjartasjúklinga á Vestfjörðum ásamt velunnurum færðu Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði hjartalínuritstæki ásamt fylgihlutum að gjöf í síðustu viku. Verðmæti tækisins er tæpar 1,9 milljónir króna. Í hófi sem haldið var á FSÍ færðu hjónin Sigríður Brynjólfsdóttir og Ásgeir Guðbjartsson, Minningarsjóði um Úlf Gunnarsson fyrrverandi yfirlækni, eina milljón að gjöf. Sjóðurinn er eingöngu nýttur til tækjakaupa fyrir sjúkrahúsið og hefur hann á undanförnum árum veitt sjúkrahúsinu veglegar gjafir með öflugum stuðningi velunnara sjúkrahússins. Í kaffisamsætinu var einnig kynnt nýtt fæðingarrúm sem Úlfssjóður ásamt dyggri aðstoð styrktaraðila færðu fæðingardeild sjúkrahússins. Gefendur á öllum aldri voru staddir afhendinguna og þeir yngstu voru nokkur börn sem héldu tombólu til styrktar fæðingadeildinni.

*– thelma@bb.is*

*Velunnarar Heilbrigðisstofnunarinnar skoða nýja fæðingarrúmið.*

**> RÚV: 29. maí kl. 22:05**

### Árás Japana á Perluhöfn

**Árás Japana á flotastöð Bandaríkjamanna á Pearl Harbor er sögusvið þessarar stórmyndar frá 2001 sem Ríkissjónvarpið sýnir á laugardagskvöld. Myndin segir frá tveimur vinum í bandaríska hernum sem verða ástfangnir af sömu konunni. Meðal leikenda eru Ben Affleck, Josh Hartnett, Alec Baldwin og Cuba Gooding.**

**> Stöð 2: 28. maí kl. 20:55**

### Sigurvegari American Idol

**Spennan nær hámarki í American Idol í kvöld. Aðeins tveir keppendur eru eftir og nú verður krýnd næsta poppstjarna Bandaríkjanna. Stelpurnar tóku fljótt öll völd í lokaúrslitunum en George Huff, sem datt út í byrjun maí, var síðasta von karlþjóðarinnar. Sem fyrr er ógjörningur að segja til um úrslit enda ljóst að fyrri afrek hafa lítið að segja.**

**> Sýn: 30. maí kl. 10:45**

### Landsleikur: Ísland – Japan

**Ísland mæti Japan í fyrsta leik Manchester-mótsins sem hefst í dag. Englendingar eru þriðja þátttökuþjóðin en heimamen mæta Íslendingum nk. laugardag. Leikurinn gegn Japönum verður íslensku landsliðsstrákunum örugglega erfiður enda hafa Japanir á að skipa firnasterku liði og eru engir aukvisar eins og glögglega sást í úrslitakeppni HM fyrir tveimur árum.**

## Grunnskóla-krakkar í golfi

Börn úr 7. bekk Grunnskólans á Ísafirði kynntu sér golfíþróttina á Tungudalsvelli á föstudag. Það var glaðlegur hópur sem var saman kominn á vellinum til að læra um golf og njóta góða veðursins. Gylfi Sigurðsson framkvæmdastjóri Golfklúbbs Ísafjarðar var hæstánægður með heimsóknina og sagði það aldrei of snemmt að kynna sér golfið. Farið er í útivistarferð á hverju vori í Grunnskólanum á Ísafirði og að þessu sinni ákvað 7. bekkur að heimsækja Tungudalsvöll og fræðast um golfíþróttina í leiðinni.

– *thelma@bb.is*

***7. bekkur Grunnskólans á Ísafirði fyrir framan golfskálann í Tungudal.***

## Púttvöllur á Torfnesi

Íþrótta- og æskulýðsnefnd Ísafjarðarbæjar leitar leiða til að fjármagna uppbyggingu púttvallar á Torfnesi. Þar sem nefndin ræður ekki yfir fjárveitingu til slíkra framkvæmda hefur verið leitað tilstyrks ýmissa aðila. Á fundi nefndarinnar fyrir stuttu voru lögð fram gögn vegna undirbúnings við uppsetningu vallarins. Björn Helgason, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Ísafjarðarbæjar, segir margar fyrirspurnir hafa borist um framkvæmdir við púttvöllinn „Margir munu koma til með að nota völlinn og að auki verður hann bæjarprýði“, segir Björn. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir að heildarkostnaður verði 3.802.589 kr. eða 2.332 kr. á fermetrann. Hugmyndir eru um að Ísafjarðarbær niðurgreiði efni og tækjavinnslukostnað og munu svör um það fást á næstu dögum.

## Stútar undir stýri

Lögreglan á Ísafirði stöðvaði tvo ökumenn grunaða um ölvunarakstur í vikunni sem leið. Annar þeirra hafði áður verið sviptur ökuleyfi fyrir samskonar brot og var réttindalaus þegar hann var stöðvaður. Þá hafði lögreglan afskipti af nokkrum ökumönnum vegna ýmissa umferðarlagabrota.

***Krabbameinsfélagið Sigurvon:***
Síðasta samverustund fyrir sumarfrí verður haldin í Safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju miðvikudaginn 26. maí kl. 21:00. Gestur kvöldsins er sr. Magnús Erlingsson. Kaffi og kökur á boðstólum. Allir velkomnir!

### Kirkjustarf

***Flateyrarkirkja:***
Fermingarguðsþjónusta á hvítasunnudag kl. 13:00. Fermd verður *Jónína Rut Matthíasdóttir, Drafnargötu 6, Flateyri.*

***Holtskirkja:***
Fermingarguðsþjónusta á hvítasunnudag kl. 15:00. Fermdir verða *Borgar Björgvinsson, Innri-Hjarðardal* og *Eyvindur Atli Ásvaldsson, Tröð.*


**skrifa.com**
**Upplýsingavefur gervihnattafólksins**

Afruglarar · kort · brennarar og allt annað til að fullnýta búnaðinn.

***Símar 893 5804 og 482 3929 alla virka daga frá kl. 13-23***



HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

## Hjartalæknir

*Davíð Arnar sérfræðingur í hjartasjúkdómum verður með móttöku á Ísafirði dagana 1.-3. júní.*

*Tímapantanir eru í síma 450 4500 á milli kl. 08:00 og 16:00 alla virka daga.*

## Brautskráning

*Brautskráning nemenda frá Menntaskólanum á Ísafirði verður í Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 29. maí kl. 13:00.*

*Allir vinir og velunnarar skólans eru velkomnir.*

*Skólameistari.*

## Vestfirðingar!

*Athugið! Frá og með 1. júní flytur dósamóttakan að Aðalstræti 18 á Ísafirði (þar sem pósthúsið var staðsett).*

*Opnunartími verður sá sami og verið hefur, alla virka daga frá kl. 13-16.*

*Starfsfólk.*

## Miðill á Ísafirði

*Valgarður Einarsson miðill verður á Ísafirði frá 27. maí til 1. júní.*

*Tímapantanir í síma 456 4245.*


**> Stöð 2: 29. maí kl. 21:50**

### Bílstjórinn Jackie Chan

**Smókingurinn eða Tuxedo, er fyrsta flokks hasargrínmynd með Jackie Chan í aðalhlutverki. Hún segir frá Jimmy Tong sem er bílstjóri hjá auðmanninum Clark Devlin. Í einni sendiferðinni er Jimmy sendur til að ná í smóking Clarks en stelst í leiðinni til að máta fatnaðinn. Þetta eru engin venjulega föt því fullklæddur færi Jimmy ofurkraft.**

# SÆLKERI VIKUNNAR

## er Una Einarsdóttir í Bolungarvík

## Quiche með ýmsum fyllingum

Sælkeri vikunnar að þessu sinni býður lesendum upp á uppskriftir að quiche eða bökum sem hún útfærir með tvennskonar fyllingum þó grunnuppskriftin sé sú sama í báðum tilvikum. Una segir bökurnar tilvaldan hádegismat í sumar og hvetur lesendur til að láta hugmyndaflugið ráða ferðinni við gerð þeirra og jafnvel hvað sé til í ísskápnum. Smjördeigið kaupir hún frosið og segir þurfa tæplega þrjár plötur á stór hringlótt mót. Þá er boðið upp á ítalska hálfmána en báða réttina ber Una fram með fersku salati.

Fletjið smjördeigið út leggið yfir stór hringlótt mót og jafnið upp að brúnum. Skerið umfram deig af meðfram brúninni og stingið í deigið með gaffli.

### Fylling I

1 rauðlaukur
3-4 sveppir, eftir stærð
2-3 hvítlauksrif
120 g beikon

Skerið rauðlauk , beikon og sveppi smátt, pressið hvítlauk og mýkið á pönnu með smá olíu. Hellið síðan yfir deigið í forminu.

### Fylling II

ferskt spínat
soðnar kartöflur
shallot- eða rauðlaukur
hvítlaukur

Skerið stilkana af spínatinu, mýkið á pönnu (ekki steikja) og hellið yfir deigið. Skerið kartöflurnar í þunnar sneiðar og raðið yfir spínatið. Fínsaxið laukinn og dreifið yfir allt saman.

rifin ostur
3 egg
2 dl matreiðslurjómi

Stráið rifnum osti yfir fyllinguna. Þeytið eggin og matreiðslurjómann saman og kryddið eftir smekk, t.d. með salti pipar og graslauk. Hellið eggjablöndunni út í mótið og bakið í um 30 mínútur við 180°C – 200°C.

Gott er að láta bökurnar standa aðeins áður en þær eru bornar fram.

### Ítalskir hálfmánar

Þessir eru mjög góðir og tiltölulega fljótlegir, hér er hugmynd að fyllingu sem sló í gegn hjá mér, en auðvitað má nota hvað sem er.

pitsudeig og pitsusósa
paprika (hvaða litur sem er)
rauðlaukur
tómatar
mozzarella ostur
skinka
pepperone
rifinn ostur
parmesan ostur

Fletjið deigið út og skerið í hringi, u.þ.b. 20 cm í þvermál, og smyrjið á pitsusósu. Skerið hráefnið smátt niður og hrærið saman í skál.

Setjið fyllingu á helming hringsins en þó ekki alveg að brún, brjótið hringinn í tvennt og lokið vel. Stingið í lokið með gaffli og penslið með olíu.

Bakið við 180°C við 20-25 mínútur.

### Ferskt salat

Mér finnst alltaf smekklegast að bera ferskt salat fram á fati, það nýtur sín betur þannig en í skál.

Rífið salat niður, skerið rauða papriku, rauðlauk og avocado í teninga og raðið á fat.

Bætið við fetaosti. Úr olíunni af fetaostinum er búin til dressing með því að bæta balsamic ediki út í krukkuna og hrista vel saman.

Ég skora á Sóley Sævarsdóttur í Bolungarvík að færa okkur eitthvað gott í næstu viku.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

PÓSTURINN
allur pakkinn

### Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra og fyrsti þingmaður NV-kjördæmis

# Ekki komi til fækkunar eða uppsagna í starfsliði ríkisstofnana

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra og fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis, hefur ritað Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra í Ísafjarðarbæ, bréf þar sem hann lýsir með hvaða hætti þingmenn kjördæmisins brugðust við í kjölfar fundar þeirra með bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 1. mars þar sem rætt var um byggðamál. Sturla segir þingmenn hafa beint því til ráðuneyta að tryggð verði starfsemi þeirra stofnana ríkisins sem starfræktar eru á Ísafirði svo ekki komi til uppsagna eða fækkunar í starfsliði.

Þá segir í bréfinu að þingmenn leggi ríka áherslu á að atvinnutækifærum fjölgi í opinberri þjónustu en fækki ekki og atvinnuskapandi verkefni verði færð inn á svæðið á vegum opinberra stofnana svo sem kostur er. Ekki er gerð nánar grein fyrir því í bréfinu með hvaða hætti það gæti orðið.

Þá segir að þingmenn lýsi stuðningi við tillögur sem verkefnisstjórn í byggðamálum hefur nú til meðferðar og að þingmenn muni leggja þeim málum lið. Þeir telja líka að stjórnin eigi að taka til meðferðar þau mál er varðar atvinnuþróun á svæðinu. Þingmennirnir telja nauðsynlegt að stjórnin kanni hvort nýta megi hugmyndir sem nú er unnið eftir á Eyjafjarðarsvæðinu til eflingar byggðar á Vestfjörðum.

### Ingibjörg María Guðmundsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

# Þörf á reglum um tónlistarnám nemanda utan lögheimilissveitarfélags

Ingibjörg María Guðmundsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, segir að þörf sé á viðmiðunarreglum um námsvistir í tónlistarskólum sveitarfélaga utan lögheimilis nemanda. Á síðasta fundi fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar var formanni nefndarinnar, Svanlaugu Guðnadóttur, og forstöðumanni Skóla- og fjölskylduskrifstofunnar falið að leggja drög að reglum um tónlistarnámsvist utan lögheimilissveitarfélags. Stefnt er að því að sú vinna hefjist í júní eftir lokun tónlistarskólanna og reglurnar verði unnar hratt svo hægt verði að koma þeim í gagnið áður en næsta skólaár hefst.

*Tónlistarskólinn á Ísafirði.*

„Það eru margir þættir sem þarf að taka tillit til t.d hvort að nemandi sé á fyrsta stigi eða áttunda, hvort boðið sé upp á tónlistarnámið í sveitarfélagi nemandans og svo framvegis. Það er þörf á reglum svo beiðnir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags séu ekki afgreiddar eftir hentisemi hverju sinni.“

Rekstur tónlistarskólanna er á höndum sveitarfélaga og hafa töluverðar umræður skapast um þessi mál, sérstaklega eftir að Reykjavíkurborg neitaði að hleypa tónlistarnemum utan borgarinnar að nema þeir greiddu sinn námskostnað sjálfir. *– thelma@bb.is*

### Próflausir ungir piltar á Ísafirði

# Stálu bíl og óku til Reykjavíkur

Tveir ungir piltar tóku bíl nákomins ættingja annars þeirra ófrjálsri hendi aðfaranótt laugardags og óku henni frá Ísafjarðarbæ og áleiðis til Reykjavíkur. Þegar þetta uppgötvaðist hafði lögreglan á Ísafirði samband við lögreglustöðvarnar á leiðinni og fann lögreglan í Borgarnesi bifreið piltanna bensínlausa í Norðurárdal.

Þeim var ekið til baka og komið til foreldra sinna. Annar piltanna hefur náð sakhæfisaldri en hinn ekki og hvorugur þeirra hefur náð aldri til að öðlast ökuréttindi. Máli þeirra var komið í hendur starfsmanna Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.

*– kristinn@bb.is*

Ný númer
Húsasmiðjan Ísafirði hefur tekið í notkun ný númer.
Aðalnúmer 450 3300
Timbursala 450 3302
Fax verslun 450 3301
Fax timbursölu 450 3303
HÚSASMIÐJAN
Sími 450 3300 • www.husa.is

### Guðbjartur Ólafsson ráðinn aðstoðarskólameistari Menntaskólans

# Vel gengur að ráða kennara

Guðbjartur Ólason hefur verið ráðinn í starf aðstoðarskólameistara Menntaskólans á Ísafirði til næstu fjögurra ára. Tekur hann við starfinu af Jóni Reyni Sigurvinssyni. Guðbjartur er framhaldsskólakennari og var um skeið skólastjóri Brúarásskóla á Jökuldal. Hann hefur undanfarið ár gengt starfi aðstoðarskólameistara í fjarveru Jóns Reynis sem var í ársleyfi. Aðeins ein umsókn barst um starfið.

Þá hefur Stella Hjaltadóttir verið ráðin námsráðgjafi við skólann. Frá og með næsta hausti er gert ráð fyrir tveimur námsráðgjöfum í hálfu starfi við skólann, en fram til þessa hefur verið einn námsráðgjafi í hlutastarfi. Fyrsta árið mun Stella gegna 75% starfi í fjarveru Guðrúnar Á. Stefánsdóttur sem verður í rannsóknarleyfi.

Vel gengur að ráða kennara að skólanum að sögn Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara. Enn er þó óráðið í stærðfræði- og raungreinakennslu. Þá barst engin umsókn um starf forstöðumanns bókasafns skólans og hefur staðan verið auglýst að nýju.

*Menntaskólinn á Ísafirði.*